



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Konur, kristni og velferð**

*Kristin áhrif á upphaf velferðarmála á Íslandi*

**Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði**

**Bjarni Jónasson**

**Maí 2013**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Sagnfræði

# Konur, kristni og velferð

*Kristin áhrif á upphaf velferðarmála á Íslandi*

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Bjarni Jónasson

Kt.: 181189-2829

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson

Maí 2013



## Ágrip

Á árunum 1870-1914 varð mikil vakning á Íslandi á sviði velferðarmála. Þessi málaflokkur hafði setið á hakanum og honum ekki sinnt af mikilli festu af ráðamönnum á Íslandi. Árið 1875 stofnuðu nokkrar ungar konur í Reykjavík Thorvaldsensfélagið, sem skyldi sinna velferðarmálum að bestu getu. Mörg félög, t.d. Hvítabandið og Góðtemplararnir, fylgdu í kjölfarið á Thorvaldsensfélaginu og unnu einnig mikið og gott starf á sviði velferðar- og líknarmála. Mörg þessara félaga unnu á kristnum grundvelli þó svo að samstarf þeirra við hina íslensku kirkju hafi verið lítið sem ekkert. Þáttur íslensku kirkjunnar í velferðarmálum var hvorki mikill né skipulagður á Íslandi en því var öfugt farið á Norðurlöndunum. Aðallega voru það veraldleg öfl sem sáu um velferðarmálin, hrepparnir sáu í upphafi um þau mál og hefur þáttur kirkjunnar í velferðarmálum verið mun minni á Íslandi en á Norðurlöndunum. Konur léku stórt hlutverk í uppbyggingu velferðarríkisins á Íslandi og voru það mest megnis konur sem sinntu velferðarmálum með tilkomu áðurnefndra félaga. Þau félög sem um ræðir voru undanfari kvenréttindabaráttu á Íslandi og sýndu konum fram á að þær gætu komið nálægt skipulagningu íslensks þjóðfélags. Víða voru stofnuð kvenfélög og síðar félög sem byggðu á kristnum grundvelli og skyldu sinna velferðarmálum að bestu getu. Íslenska velferðarríkið tók miklum breytingum á árunum sem kallaður er Vesturferðatíminn og lagði grundvöllinn að velferðarkerfi nútímans.

## **Efnisyfirlit**

Ágrip.....	4
Inngangur.....	6
<b>1. Bakgrunnur</b> .....	9
1.1. Uppruni velferðarmála á Íslandi .....	9
1.2. Sérstaða íslenska velferðarríkisins - Samanburður við Danmörku og önnur Norðurlönd.....	13
<b>2. Áhrif kristinna trúfélaga á velferðarmál á Íslandi</b> .....	17
2.1. Thorvaldsensfélagið.....	17
2.2. Hjálpræðisherinn.....	20
2.3. Hvítabandið og Góðtemplarareglan .....	24
2.4. Díakonissuhreyfingin á Íslandi .....	27
<b>3. Konur á Íslandi á nítjándu og tuttugustu öld – Samspil velferðarmála, kristni og kvenfrelsis</b> .....	31
3.1. Konur og velferðarmál – Áhrif samstarfs við Norðurlöndin .....	31
3.2. Þróun kosningaréttar kvenna í félagslegu samhengi.....	33
3.3. Frá kvenfélögum til stjórnvalda .....	36
3.4. Feðraveldi og kristni – Aftraði kristin hefð framför íslenskra kvenna?.....	38
<b>4. Ríkið og kirkjan</b> .....	42
4.1. Þróun og staða íslensku kirkjunnar frá 1870-1914 .....	42
4.2. Aðkoma íslensku kirkjunnar og starfsmanna hennar að velferðarmálum .....	44
4.3. Deilur á þingi um ástand velferðarmála og aðkoma kirkju.....	46
<b>5. Niðurstöður</b> .....	49
Heimildaskrá.....	52
Prentaðar heimildir .....	52
Vefheimildir.....	56

## Inngangur

Síðustu áratugir 19. aldar voru viðburðarríkur tími fyrir Íslendinga og íslenskt samfélag. Fólk tók að flýja til Vesturheims vegna hinnar miklu örbirgðar sem hér á landi geisaði, erfitt reyndist bændum að afla sér viðurværis og sjá fjölskyldum sínum farborða. Íslenska landbúnaðarsamfélagið stóð höllum fæti. Hart var í ári, veðurfar ekki gott og til að bæta gráu ofan á svart herjaði fjárkláði á sauðfjárstofn landsmanna.<sup>1</sup> Lýsir Kristján Jónsson Fjallaskáld tíðarandanum með ágætum með ljóðinu fræga, Þorraþrællinn, í *Ljóðmælum* árið 1866:<sup>2</sup>

Horfir á heyjaforðann  
hryggur búandinn:  
Minnkar stabbinn minn, magnast harðindin. -  
Nú er hann enn á norðan,  
næðir kuldaél  
yfir móa' og mel  
myrkt sem hel.

Enn voru Íslendingar undir stjórn Danmerkur og vonbrigði með þjóðfundinn 1851 höfðu sært Íslendinga og ekki virtist ætla að þoka í rétta átt til sjálfstæðis, til frelsis.<sup>3</sup> Skáld sem og aðrir létu gamminn geysa um rétt Íslendinga til að losna undan stjórn Dana sem kennt var um þá örbirgð og það vonleysi sem á Íslandi ríkti.<sup>4</sup> Þrátt fyrir slíkan hugsunarhátt, var nítjándi öldin öld framfara og þá sérstaklega á meginlandi Evrópu. Margar hugmyndir sem sneru að auknum réttindum borgara litu dagsins ljós og lýðræðishugmyndir skipuðu stóran sess í almennri orðræðu stjórnámálanna. Þannig var málunum einnig háttað á Íslandi, sjálfstæðisbaráttan átti hug margra og létu menn sér málefni þau mikið varða. Ofríki Dana skyldi verða afnumið á einn eða annan hátt og það helst sem fyrst. Með auknum og jafnvel algjörum réttindum Íslendinga til að ráða sér sjálfir mundi fátæktin minnka og hagsæld og hamingja Íslendinga aukast til mikilla muna.

<sup>1</sup> Gunnar Karlsson. „Fjárkláðinn“, 223-224.

<sup>2</sup> Kristján Jónsson Fjallaskáld. *Ljóðmæli*. 16-18.

<sup>3</sup> Gunnar Karlsson. „Þjóðfundur Íslendinga 1851“, 272-279.

<sup>4</sup> Sjá t.d. „Ávarp til Íslendinga frá hinum almenna fundi að Öxará“. 3-4.

Með auknum samskiptum við Norðurlöndin og umheiminn allan, með betri og tíðari samgöngum á nítjándu öld horfði til betri vegar fyrir þá samfélagsþegna sem minna máttu sín og voru upp á hjálpræði komnir. Hugmyndir um framfarir fóru að berast til Íslands þegar Íslendingar sneru heim úr námi víðs vegar um heiminn, hugmyndir um samfélagslegar umbætur ráku á strandir Íslands og stuðlaðu þær hugmyndir að bættri velferð íbúa Íslands. Stjórnvöld á Íslandi fóru í auknum mæli að huga að öllum íbúum sínum, kvenfélög skutu rötum og lögðu hönd á plóg, einkum í málefnum kvenna og barna, ýmis kristileg félög unnu ötullega að því að bæta hag Íslendinga undir kristilegu flaggi og stjórnvöld skipulögðu velferðarstarf sitt mun betur en áður hefði verið. Hugmyndir um velferðarmál eru vissulega gríðarlega víðfeðmar og verður ekki gerð nein sérstök tilraun til þess að útskýra hugtakið um velferðarmál hér. Það sem þó hér er einna helst litið til er ummönnun aldraðra, veikra og sjúkra og aðstoð við börn og unglínga.

Í þessari ritgerð verður fjallað um sögu velferðarmála á Íslandi og reynt að greina hvað skilur sögu velferðarmála á Íslandi frá öðrum þjóðum og verður einkum horft til Norðurlandanna hvað það varðar. Skoðuð verða áhrif erlendra hugmynda á íslenska velferðarríkið og hvaða áhrif þau kunna að hafa haft. Ein meginspurningin sem leitað verður svara við er hvaða hlutverk hin lútherska þjóðkirkja lék í velferðarmálum og hvernig hún rækti það í samanburði við það sem tíðkaðist á Norðurlöndunum. Þetta viðfangsefni verður einnig skoðað út frá áhrifum kristinna trúfélaga á Íslandi og hvaða áhrif þau hafa haft á sögu velferðarmála á Íslandi. Einnig verður leitast við að skoða uppruna nútíma velferðarkerfis á Íslandi og hvaða einstaklingar og hagsmunasamtök það voru sem einna helst lögðu lóð sín á vogarskálarnar í þessum málaflökki. Afmörkun þessarar rannsóknar í tíma mun miðast við Vesturferðatímabilið, 1870-1914. Ástæða þessarar tímaafmörkunar er sú að í kjölfar mesta fólksflóttu í sögu Íslands fór í hönd uppbygging velferðarkerfis á Íslandi. Einstaka sinnum verður brugðið frá þeim tímaafmörkunum.

Til þess að hægt sé að ná þeim markmiðum sem hér að ofan eru upptalinn verður leitast við að svara spurningum sem málinu tengjast. Hversu langt aftur er hægt að leita til að finna uppruna velferðarmála á Íslandi? Hvert var hlutverk kvenna á Íslandi er kemur að velferðarmálum og skipulagningu félagslegra umbóta? Hvert var hlutverk ríkisins í þeim sama málaflökki? Var hlutverk kristinna trúfélaga á Ísland svipað og á

hinum Norðurlöndunum? Höfðu erlendar hugmyndastefnur einhver áhrif á Íslandi?

Töluvert hefur verið ritað um velferðarríkið Ísland, bæði á íslensku sem og öðrum tungumálum. Í þessari ritgerð verður stuðst við heimildir af ýmsum toga. Bækurnar *Saga Íslands IX* og *Saga Íslands X* verða notaðar til hliðsjónar sem yfirlitsrit um ýmsa atburði á nítjándu öld og í upphafi tuttugustu aldar sem snerta sögu félags- og velferðarmál. Stuðst verður við greinar eftir ýmsa fræðimenn t.d. Guðmund Jónsson, Ingu Huld Hákonardóttir og Stefán Ólafsson. Þær greinar verða notaðar sem sérfræðigreinar um sögu velferðarmála á Íslandi. Einnig verður notast við greinar ýmissa erlendra fræðimanna í bókum líkt og *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940* og *Welfare Trends in the Scandinavian Countries*. Í umfjöllun um sögu kvenna og áhrif þeirra á velferðarmál á Íslandi verður einna helst stuðst við rit Sigríðar Thorlacius, *Margar hlýjar hendur*, auk þeirra rita sem nefnd eru hér að ofan. Heimildir til stuðnings umfjöllunar um félagssögu verður rit Gísla Ágúst Gunnlaugssonar, *Saga og samfélag: Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*.

Heimildir þær er taldar eru upp hér að ofan og aðrar tilfallandi heimildir munu vonandi hjálpa rannsakenda að nálgast viðfangsefnið frá nýju sjónarhorni og reyna að komast að niðurstöðu sem verður fræðigreinininni til bóta.



# 1. Bakgrunnur

## 1.1. Uppruni velferðarmála á Íslandi

Uppruna velferðarmála má rekja töluvert lengra aftur í söguna en margan grunar. Þótt rekja megi rætur velferðarmála allt til landnámsaldar, fór fyrst breytinga að gæta í þeim efnum á 19. öld með stofnun frjálsra félagasamtaka. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, stofnað árið 1867, var eitt félag af þessari tegund. Það var þó ekki stéttarfélag í þeim skilningi sem fólk á okkar tímum leggur í hugtakið, öllu heldur var það „skemmtifélag og framfarafélag, þar sem meistara og sveinar unnu saman.“<sup>5</sup> Jafnvel mætti rekja sögu velferðarmála allt aftur á 11. öld, þar sem þurfamönnum var komið fyrir á bóndabýlum og upphald þeirra tryggt. Sú fátækraframfærsla var þó ekki hluti af vel skipulögðu velferðarkerfi líkt og það þekkist í dag. Fremur var sú framfærsla tilraun til að stemma stigu við fátækt á Íslandi með einhverjum hætti en ekki partur af heilsteyptu velferðarkerfi.<sup>6</sup> Viðkomandi hreppar borguðu svo það sem á vantaði til að tryggja upphald þeirra þurfamanna sem á bóndabýlinu bjuggu. Áhrifa kirkjunnar gætti lítið í þessari félagslegu aðstoð og hafa áhrif kirkjunnar í velferðarmálum verið töluvert minna á Íslandi en t.d. í öðrum Norðurlöndum. Á flestum Norðurlöndunum lék hin lútherska kirkja stórt hlutverk á sviði félagslegra umbóta og velferðarmála. Sagnfræðingurinn Guðmundur Jónsson hefur fært fyrir því rök<sup>7</sup> að kirkjan á Íslandi hafi leikið minna hlutverk en á öðrum Norðurlöndunum og að hluta til tekur sagnfræðingurinn Inga Huld Hákonardóttir undir með honum<sup>8</sup>. Aðstoð við hina fátæku og verr settu var í höndum hreppanna og annara yfirvalda en kirkjunnar. Félög voru þó stofnuð á kristilegum grundvelli sem höfðu það að leiðarljósi að aðstoða hina fátæku og verst settu í samfélaginu og reistu mörg félaganna „sannarlega starf sitt á trúarlegum grunni, mannúð og umhyggju fyrir lítilmagnanum, en kirkjan sjálf lét ekki mikið til sín taka.“<sup>9</sup>

Um aldamótin 1900 voru íslenskir áhrifamenn mun uppteknari af samskiptum

---

<sup>5</sup> Gunnar Karlsson. „Verkalýðshreyfing“, 135.

<sup>6</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 179.

<sup>7</sup> Guðmundur Jónsson. *Frihed, Lighed og Velfærd*. „Agents and Institutions in the Creation of the Icelandic Welfare State.“. 64.

<sup>8</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 179

<sup>9</sup> Guðmundur Jónsson. „Hjálpar til sjálfshjálpar“. 378.

sínum við Dani og baráttu sinni fyrir pólitísku sjálfstæði en velferðarmálum hinna þurfandi manna á Íslandi.<sup>10</sup> Þó að fremur lítil stéttaskipting hafi ríkt á Íslandi á nítjándu öld var hún þó til staðar. Frelsi undan oki Dana lá mönnum á hjarta og börðu bændur sem og aðrir ríkjandi menn innan íslensks samfélags sér á brjóst og kröfðust frelsis.<sup>11</sup> Þrátt fyrir þessi ríkjandi viðhorf Íslendinga á nítjándu öld fór áhugi manna í meira mæli að beinast að velferðar- og félagsmálum er líða tók á nítjándu öldina. Líkt og áður kom fram, stofnuðu iðnaðarmenn í Reykjavík fyrsta stéttafélag Íslands árið 1867, en fleiri hagsmunahópar fylgdu brátt í kjölfarið. Staða Íslendinga undir lok nítjándu aldar var einkar bágborin og flúðu menn í miklum mæli til Vesturheims í leit að betra viðurværi. Þeir sem eftir stóðu börðust þó eftir sem áður fyrir bættum kjörum. Til dæmis mætti þar nefna stéttarfélag verkamanna á Ísafirði, stofnun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar árið 1906.<sup>12</sup> Þeir sem ekkert land áttu voru upp á bændur eða landeigendur komnir fyrst þeir gátu ekki framfleitt sér sjálfir. Ströng lög og reglur giltu um þá sem ekki gátu séð sér farborða sjálfir og lög giltu um slíkt fólk, t.d. vistarbandið og bann við öreigagiftingum.<sup>13</sup> Ljóst var að bæta þyrfti úr skák og koma til móts við þá er lægst voru settir í íslensku samfélagi.

Fátækt Íslendinga var mikil á síðari hluta nítjándu aldar og reyndist það Íslendingum sífellt erfiðara að færa björg í bú er áföllin dundu á þjóðinni, hvert á fætur öðru. Þrátt fyrir að hrepparnir ættu að tryggja bændur gagnvart dauða búfenaðar<sup>14</sup> reyndist það mönnum erfitt að standa straum af áföllum líkt og fjárkláðanum árið 1855 og hinum miklu kuldu sem gengu yfir landið á síðari hluta nítjándu aldar.<sup>15</sup> Stór hluti Íslendinga vann við landbúnað á áratugunum fyrir aldamótin 1900, um það bil tveir þriðju allra vinnandi manna, og varð því uppskerubrestur og annað sem slíkum kuldu fylgdi mönnum um megn oft á tíðum.<sup>16</sup> Því þótti ljóst að nauðsynlegt var að sporna við aukinni fátækt á Íslandi með lögum sem skyldu koma þeim allra fátækustu til hjálpar á

---

<sup>10</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 178

<sup>11</sup> Gunnar Karlsson. „Þjóðernishyggi Íslendinga“, 314-315.

<sup>12</sup> Gunnar Karlsson. „Verkalýðshreyfing“, 138-139.

<sup>13</sup> Guðmundur Jónsson. *Frihed, Lighed og Velfærd*. „Agents and Institutions in the Creation of the Icelandic Welfare State.“ 64-65.

<sup>14</sup> Stefán Ólafsson. *Welfare Trends in the Scandinavian Countries*. „Variations Within the Scandinavian Model: Iceland in the Scandinavian Perspective“. 64.

<sup>15</sup> *Hagskinna*. 37-38.

<sup>16</sup> Guðmundur Jónsson. *Frihed, Lighed og Velfærd*. „Agents and Institutions in the Creation of the Icelandic Welfare State.“ 62.

Þessum tímum örbirgðar og erfiðleika í landbúnaði. Ísland hafði ætíð verið aftarlega á merinni varðandi þróun samfélagsins og engin breyting varð á í velferðarmálum. Ísland fylgdi í kjölfar hinna Norðurlandanna, sem fylgt hefðu fordæmi Þjóðverja, og settu lög á Alþingi til að sporna við þeirri þróun sem var að eiga sér stað á landinu. Frá 1890-1925 voru samþykktar á Alþingi margar tillögur sem sneru að velferðarmálum. Árið 1890 voru á Alþingi samþykkt lög um ellilífeyri, árið 1903 voru sjómenn tryggðir gagnvart slysum við atvinnu sína og árið 1925 voru Íslendingar tryggðir fyrir margskonar slysum.<sup>17</sup>

Fyrstu merki um skiplögð kvenfélög voru annars vegar Kvenfélag Rípurhrepps, stofnað árið 1869 og hins vegar Kvenfélag Svínvatnshrepps, sem stofnað var árið 1874. Unnu þessi tvö félög ötullega að bættum hag kvenna sem og barna og ruddu brautina fyrir önnur kvenfélög sem víða um land spruttu upp á komandi árum.<sup>18</sup> Konur gegndu mikilvægu hlutverki á sviði velferðarmála á áratugunum í kringum aldamótin 1900 og verða störf þeirra á því sviði seint vanmetið. Fjölmörg félög voru stofnuð af konum og má þar m.a. nefna Thorvaldsensfélagið sem stofnað var af konum úr efri stéttum samfélagsins og rak félagið m.a. saumaskóla fyrir fátækar ungar stúlkur. Einnig var stofnað félag Góðtemplara á Íslandi árið 1884, en það félag tók bæði við körlum og konum og barðist einna helst fyrir áfengisbanni.<sup>19</sup> Í kjölfar Góðtemplaranna fylgdi Hvítabandið en öll áttu þessi góðgerðafélög, sem flest voru stofnuð að undirlagi kvenna, eftir að létta undir því mikla verki sem var fyrir höndum í aðstoð til bágstaddra Íslendinga. Hjálpræðisherinn kom einnig hingað til lands í nafni trúarinnar um svipað leyti og hin fyrrnefndu voru stofnuð, um aldamótin 1900, en sitt sýndist hverjum um starf þeirra hér á landi.

Mikil og góð undirstaða velferðarmála hafði því verið lögð á Íslandi á á síðari hluta nítjándu aldar og upphafi tuttugustu aldar. Hagur hinna fátækustu hafði batnað með tilkomu ýmissa lagabreytinga og framtakssemi ýmsa stjórnmalamanna sem gátu ekki setið auðum höndum mikið lengur og gripu til aðgerða sem ýttu íslenska velferðarríkinu í átt til þess sem það er í dag. Þessar framfarir voru að miklu leyti í

---

<sup>17</sup> Stefán Ólafsson. *Welfare Trends in the Scandinavian Countries*. „Variations Within the Scandinavian Model: Iceland in the Scandinavian Perspective“. 65.

<sup>18</sup> Sigríður Thorlacius. *Margar hlýjar hendur*. 6-7.

<sup>19</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 183-184.

höndum veraldlegra yfirvalda á Íslandi, annað en hafði tíðkast á Norðurlöndunum.  
Ísland hefur ætíð tekið norræna frændur sína sér til fyrirmyndar en Ísland og Íslendingar  
fóru aðra leið en nágrannaþjóðir sínar, leið sem nánar verður vikið að í næsta kafla.

## 1.2. Sérstaða íslenska velferðarríkisins - Samanburður við Danmörku og önnur Norðurlönd

Þróun lýðræðisins í Evrópu á nítjándu öld olli miklum straumhvörfum á sviði stjórn mála sem síðar hafði einnig mikil áhrif á þróun velferðarmála, hvort sem var á Íslandi eða í Evrópu. Nýjungar í tækni, svo sem vélvæðing skipaflota Íslands komu síðar til sögunnar á Íslandi en annars staðar í Evrópu og hugmyndir um framfarir voru oft lengi að berast til Íslands og tók töluverðan tíma fyrir þær hugmyndir að ná hér nokkurri fótfestu. Þannig var málunum einnig háttað með hugmyndir um velferðarmál og umbætur fyrir þá sem minna máttu sín í íslensku samfélagi um aldamótin 1900. Flestar hugmyndir okkar bárust hingað frá norrænum frændum okkar og þá einna helsta Danmörku. Reyndar mætti rekja söguna lengra aftur og leita að fyrirmynd hins norræna velferðarríkis í hinu þýska velferðarríki. Bismarck, oft kallaður járnkanslari, kom lögum í gegn á þýska þinginu skömmu fyrir aldamótin 1900, nánar tiltekið á árunum frá 1883-1889 og höfðu þau mikil áhrif á það sem nefnt hefur verið hið skandinavíska módel, sem síðar varð að fyrirmynd hins íslenska.<sup>20</sup>

Það sem ætíð þótt einkennandi fyrir velferðarmál og umbætur innan Norðurlandanna var rík áhersla á jöfnuð og réttindi allra til bóta ef svo bar undir. Undanfari að hugmyndinni um *universalisma*, um að allir ættu rétt á bótum, hvar sem þeir voru staddir í samfélagsstiganum, tók að mótast um aldamótin 1900 á Norðurlöndunum. Árið 1891 urðu Danir fyrstir til að koma á ellilífeyri líkt og við þekkjum í dag.<sup>21</sup> Íslendingar hefðu árið áður sett á lög um svipuð málefni en sú lagasetning var langt því frá jafn víðtækur réttur og sá sem Danir höfðu í huga. Viðlíka löggjöf var ekki kynnt til sögunnar á Íslandi fyrr en árið 1936<sup>22</sup> og hafa sumir fræðimenn haldið því fram samrýnd lög um velferðarmál hafi ekki verið kynnt til sögunnar á Íslandi fyrr en árið 1947<sup>23</sup>. Danir hafa einnig haft þá sérstöðu innan Norðurlandana að hafa ætíð haldið í þá reglu að veita ellilífeyri eingöngu með skattaálagningu. Flest önnur norræn ríki fjármögnuðu ellitryggingar í meira mæli með framlögum hinna tryggðu. Þau lög sem Íslendingar settu um sömu mál voru, líkt og

<sup>20</sup> Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin*. 54; 29.

<sup>21</sup> Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin*. 55.

<sup>22</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 177.

<sup>23</sup> *Nordic Civic Society Organisations and the Future of Welfare Services. A Model for Europe?* 198.

áður segir, ekki jafn víðtæk en tóku mjög mið af þeim dönsku og urðu síðar meir samofin þeim að uppbyggingu og útfærslu.<sup>24</sup>

Íslendingar litu óneitanlega upp til norrænna frænda sinna, þrátt fyrir að slíkt hefði ekki verið viðurkennt meðal Íslendinga um aldamótin 1900. Norðurlöndin voru hvert fyrir sig að reyna að þróa með sér velferðarkerfi sem síðar urðu mjög svipuð að uppsetningu og útfærslu. Því vekur það óneitanlega athygli að á Íslandi skuli kristin kirkja hafa komið minna við sögu en á hinum Norðurlöndunum, þar sem oftast má tengja hægri sinnuð öfl í stjórnámálum við stuðning við hina íslensku þjóðkirkju. Ástæða fyrir þessum mun má þó rekja aftur til hinnar fornu lagabókar, Grágás, líkt og Jónas Guðmundsson bendir á í grein sinni:<sup>25</sup>

Ýmsir ætla, að það sé fyrst eftir að kristni var hér í lög tekin, að fátækramálum var skipað hér svo sem oss er nú kunnugt af fornum lögum, og er ekki að efa, að kristnin hefur átt sinn mikla þátt í því að fátækraframfærslan skipar slíkan sess í hinni fornu löggjöf vorri sem raun ber vitni. Hins vegar mælir það með því, að fátækraframfærslan í einhverri mynd sé eldri, að kirkjan er ekki látin annast framkvæmd þeirra mála hér á landi... Í þeim löndum, þar sem fátækraframfærslan hefst með kristninni, eru öll þau mál lengi fram eftir í höndum kirkjanna og prestanna. Í hinni elstu lögbók vorri, Grágás, eru mörg og ýtarleg fyrirmæli um framfærslu sekra og fátækra manna.

Á Norðurlöndunum hafði lútherska kirkjan mikil ítök og allar hugmyndir um samfélagsþjónustu sem ekki byggðist á kristnum gildum kirkjunnar hefðu án nokkurs vafa mætt gríðar mikilli andstöðu.<sup>26</sup> Íslendingar höfðu um aldaradír mótað lög og reglur um velferðarmál án afskipta kirkjunnar, bæði á tímum fyrir siðaskiptin sem og eftir þau. Rætur velferðarmála á Íslandi eru því veraldlegar, ef svo mætti að orði komast, hreppar sáu um fátækraframfærslu, aðstoð við eldri borgara og veikburða menn og konur.<sup>27</sup> Mun meiri áhersla var lögð á fjölskylduna í baráttunni gegn fátækt og að sjá sínum nánustu

---

<sup>24</sup> *Freedom and Welfare: Social Patterns in the Northern Countries of Europe*. 421-423.

<sup>25</sup> Jónas Guðmundsson. „Fátækraframfærslan á Íslandi“. 149.

<sup>26</sup> Inger Hammar. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „From Fredrika Bremer to Ellen Key: Calling, Gender and the Emancipation Debate in Sweden, c. 1830-1900“. 28; Guðmundur Jónsson. „Hjálp til sjálfshjálpar“. 374-375.

<sup>27</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 179.

fyrir lifibrauði. Ástæða fyrir þessari litlu þáttöku kirkjunnar á Íslandi má rekja til þess, í seinni tíma, hversu sterk áhrif sjálfboðahreyfinga voru á Íslandi, einkum og sér í lagi á seinni hluta nítjándu aldar.<sup>28</sup> Helsta ástæðan fyrir því að kirkjan kom lítið við sögu í þróun velferðarmála áður en félagasamtökin komu til sögunnar var sú að hrepparnir sáu um sín mál sjálfir. Oftast voru um það bil 20 bóndabýli í hverjum hreppi og aðstoðuðu þau býli hvort annað, t.d. varðandi smölun búfenaðs og einnig að upphaldi þurfamanna. Bóndabýli í hverjum hreppi fyrir sig komu sér saman um að halda uppi þeim mönnum sem á hjálp þurftu að halda. Kirkjan var á þessum tíma enn frekar sundurleit, erfitt var að ferðast á milli landshluta og kirkjan ekki nærri því jafn skipulögð og hún síðar varð.<sup>29</sup> Þó svo að margar þessara hreyfinga hafi verið undir kristnum áhrifum, svo sem samtök líkt og Hjálpræðisherinn, Hvítabandið o.fl., þá kom ríkiskirkja Íslendinga lítið sem ekkert við sögu í velferðarmálum og mótun félagslegra umbóta á Íslandi. Því var öfugt farið á hinum Norðurlöndunum, þar sem til dæmis í Danmörku kom kirkjan upp barnaheimilum inn í kirkjum sínum til að sporna við ungabarnadauða, sem var mjög mikill í Danmörku skömmu eftir aldamótin 1900. Í Danmörku voru einnig mörg félög virk í þáttöku í velferðarmálum svo sem KFUM og KFUK. Þessi samtök áttu sér systurfélög á Íslandi en þar voru tengsl þeirra við kirkjuna mun minni en í Danmörku.<sup>30</sup>

Flest tengjast Norðurlöndin innbyrðis á þessu sviði og hægt væri að rekja orsakakeðjuna langt aftur ef gerð yrði til þess tilraun. Hins vegar hefur Stefán Ólafsson fært fyrir því rök að Ísland njóti nokkurrar sérstöðu í samanburði við hin Norðurlöndin. Á Íslandi, öfugt við hin Norðurlöndin, náði flokkur sósíaldemókrata aldrei jafn miklu fylgi og sambærilegir flokkar á Norðurlöndunum.<sup>31</sup> Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá stofnun sinni árið 1929 verið áhrifamikill á sviði íslenskra stjórn mála, sem einnig gæti skýrt þá ályktun Stefáns að skattakerfi Íslendinga hefur ætíð verið frábrugðið hinum norrænu.<sup>32</sup> Svipaða þróun má sjá í Finnlandi, þar sem ákveðin skipting hefur verið meðal vinstri manna þar í landi sem hefur orðið til þess að hugmyndir sósíaldemókrata hafa ekki náð fram að ganga. Sú ósamstaða sem ríkt hefur meðal vinstri sinnaðra aflu á

---

<sup>28</sup> *Nordic Civic Society Organisations and the Future of Welfare Services. A Model for Europe?* 198-200.

<sup>29</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1840-1930*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 179-180.

<sup>30</sup> *The Danish Church*. 109-111.

<sup>31</sup> Stefán Ólafsson. *Welfare Trends in the Scandinavian Countries*. „Variations Within the Scandinavian Model: Iceland in the Scandinavian Perspective“. Stefán Ólafsson. 81.

<sup>32</sup> Stefán Ólafsson. *Welfare Trends in the Scandinavian Countries*. „Variations Within the Scandinavian Model: Iceland in the Scandinavian Perspective“. 77.

Íslandi hefur orðið þess valdandi að velferðarmál á Íslandi hafa þróast á aðra vegu en á hinum Norðurlöndunum.

Því má með sanni segja að Ísland njóti nokkurar sérstöðu á sviði velferðarmála á Norðurlöndunum, þó svo að mið hafi verið tekið af skandinavískum frændum og þá einna helst Danmörku. Helstu munurinn liggur annars vegar í stjórnámálalegum breytum, það er að segja, vinstri öfl á Íslandi náði aldrei miklu fylgi og náðu til að mynda einungis þrisvar að mynda stjórn sem eingöngu samanstóð af vinstri sinnuðum stjórnsmálaöflum.<sup>33</sup> Sjálfstæðisflokkurinn hefur ætíð verið ríkjandi afl í íslenskum stjórnámálum og því mætti draga þá ályktun að velferðarmál hafi þróast með öðrum hætti á Íslandi sökum þessa. Verkalýðshreyfingar, sem víða á Norðurlöndunum voru öflug verkfæri vinstri manna, náðu ekki jafn mikilli fótfestu á Íslandi og höfðu aldrei að baki sér eitt sterkt stjórnsmálaafli. Stjórnsmálin hafa leikið veigamikið hlutverk í seinni tíð en við upphaf tuttugustu aldarinnar skiptu önnur öfl á sviði verkalýðsmála meira máli. Þar liggur helsti munur á Íslandi og hinum Norðurlöndunum í afskiptum hinnar lúthersku kirkju og hversu lítil þau voru á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin.<sup>34</sup> Skipulagning og fjáröflun fyrir hinum ýmsu félagsumbótum var meira í höndum veraldlegra stjórnvalda og einnig að miklu leyti frjálsra félaga og góðgerðasamtaka.

---

<sup>33</sup> Stefán Ólafsson. *Welfare Trends in the Scandinavian Countries. „Varitions Within the Scandinavian Model: Iceland in the Scandinavian Perspective“*. 81.

<sup>34</sup> Guðmundur Jónsson. „Hjálp til sjálfshjálpar“. 372-373; Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 179; Stefán Ólafsson. *Welfare Trends in the Scandinavian Countries: Varitions Within the Scandinavian Model: Iceland in the Scandinavian Perspective*. 79-82 o.fl.



## 2. Áhrif kristinna trúfélaga á velferðarmál á Íslandi

### 2.1. Thorvaldsensfélagið

Thorvaldsensfélagið var stofnað þann 19. nóvember árið 1875 af hópi kvenna úr efri stéttum samfélagsins. Félagið var stofnað í anda félaga sem stofnuð hefðu verið á meginlandi Evrópu til þess að aðstoða börn, unglinga og aðra þá sem minna máttu sín. Í félaginu störfuðu konur sem voru dætur embættismanna og annarra merkismanna íslensks samfélags og var erfitt fyrir aðra að fá inngöngu. Öllum var þó frjálst að veita félaginu fjárframlög.<sup>35</sup> Nafn félagsins er dregið af dansk/íslenska myndhöggvaranum Bertel Thorvaldsen en þegar stytta var afhjúpuð af honum í Reykjavík þann 19. nóvember, árið 1875<sup>36</sup> lögðu margir hönd á plóg við undirbúning athafnarinnar og var hópur kvenna fenginn til þess að skreyta Austurvöll til þess að grasflöturinn mundi skarta sínu fegursta við afhjúpun styttunnar. Í 100 ára afmælisriti Thorvaldsensfélagsins er undirbúningi kvenskörunganna lýst:<sup>37</sup>

Blómsveigar prýddu fórstall líkneskisins. En ræðustóll, grindurnar umhverfis völlinn og sumar fánastengurnar var allt vafið fléttum úr íslenzku lyngi. Á grindunum voru raðir af ljóskerunum, búnum marglituðum pappír, og þegar rökkva tók um kvöldið og kveikt var á ljóskerunum, vörpuðu þau frá sér marglitum ljósum... Skreyting vallarins var handverkar ungrar og glæsilegrar sjálfboðaliðasveitar. - 24 ungar konur höfðu tekið höndum saman um að annast þessa hlið á undirbúningi hátíðahaldanna.

Mikill samhugur ríkti meðal þeirra kvenna sem tóku þátt í þessum undirbúningi og vildu þessi hópur kvenna láta gott af sér leiða í heimabæ sínum, Reykjavík. Því var ákveðið að stofna kvenfélag, sem ekki hafði áður verið gert í Reykjavík, og úr varð Thorvaldsensfélagið. Tilgangur félagsins var í upphafi að kenna fátækum stúlkum handavinnu og stofnuðu þær til þess handavinnuskóla sem tók til starfa sumarið 1878. Skólinn sá bauð fátækum ungum stúlkum til að læra handiðn endurgjaldlaust, svo framarlega sem til þess næðist hæfilegur fjöldi ungmenna.<sup>38</sup> Sá skóli lagðist þó af árið

<sup>35</sup> Gestur Pálsson. „Fyrirlestr um lífið í Reykjavík.“. 130.

<sup>36</sup> Gunnar Karlsson. „Kvenréttindi“, 146-147.

<sup>37</sup> *Thorvaldsensfélagið 100 ára. Afmælisrit 1875-1975*. 12.

<sup>38</sup> Elína Sveinsson, Þórunn Jónasson, Luinde Berhöft, Elín Stephensen, Carolína Jónasson. „Thorvaldsensfélagið“. 36.

1903, sökum þess að handavinnukennsla hafði verið tekin upp við Barnaskóla Reykjavíkur.<sup>39</sup> Einnig annaðist félagið aðra góðgerðastarfsmi, t.d. reyndu þær eftir fremsta megni að bæta aðstöðu þvottakvenna í Reykjavík og stóðu fyrir matargjöfum til olnbogabarna samfélagsins, þeirra sem minna máttu sín.<sup>40</sup>

Thorvaldsensfélagið hafði það ætíð að markmiði að bæta hag unglunga og barna á Íslandi. Með það í huga var ákveðið á aðalfundi félagsins árið 1906 að stofna barnauppeldissjóð sem fljótlega varð mikilvægur í starfsemi félagsins. Undir forystu Sigríðar Jensson var það eitt fyrsta verk sjóðsins að stofna barnahæli í Reykjavík í samvinnu við bæjaryfirvöld.<sup>41</sup> Thorvaldsensfélaginu var tekið opnum örmum af Reykvíkingum, enda reyndist þörf fyrir slíkt félag eða slík samtök einkar mikil. Fátækt var töluverð meðal bæjarbúa skömmu fyrir aldamótin 1900, þó að horft hefði til betri vegar frá því um 1870, með tækninýjungum í bátaútgerð og því auknu þéttbýli og auknum atvinnumöguleikum.<sup>42</sup> Félagið er almennt talið hafa notið vinsælda, ef svo mætti að orði komast, og verið vel liðið af Reykvíkingum.<sup>43</sup> Ekki fór mikið fyrir gagnrýni á Thorvaldsensfélagið þótt vissulega kæmi það fyrir. Félagið hafði verið gagnrýnt fyrir sinnuleysi gagnvart fátæklingum og þurfamönnum árið 1898. Þegar slíkt gerðist voru menn jafnan snöggir til svars og héldu uppi vígalegum vörnum fyrir félagið. Ónefndur höfundur hélt uppi vörnum fyrir félagið í *Fjallkonunni* árið 1898 og taldi það „svívirðileg ósannindi, því Thorvaldsensfélagið hefir einmitt mjög *mikið til að hjálpa fátæklingum* undanfarin ár, og mezt og bezt af sínum eigin efnum.“<sup>44</sup>

Félagið gerði sig einnig gilt á sviði stjórnmalanna og stóð að stofnun kvennaframboðs til bæjarstjórnarkosninga árið 1908, undir merkjum Kvennalistsans. Að þessu framboði stóð Thorvaldsensfélagið ásamt Kvenréttindafélagi Íslands, með Bríeti Bjarnhéðinsdóttir ífarabroddi, Hvítabandið, undir handleiðslu Ólafíu Jóhannsdóttur og Kvenfélagið Hringurinn. Framlag Kvennalistsans til baráttu fyrir auknum réttindum kvenna á Íslandi verður seint ofmetið. Þá komu kvennaframboðin „mjög við mótunarsögu velferðarríkisins vegna þess að þær gerðu félagsmál og heilbrigðismál að

<sup>39</sup> *Thorvaldsensfélagið 100 ára. Afmælisrit 1875-1975.* 37-38.

<sup>40</sup> Guðmundur Jónsson. „Hjálp til sjálfshjálpar“. 378-379.

<sup>41</sup> *Thorvaldsensfélagið 100 ára. Afmælisrit 1875-1975.* Bls. 52-56.

<sup>42</sup> Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Saga og samfélag: Þættir úr félagsmálasögu 19. og 20. aldar.* 86-89.

<sup>43</sup> B.G. „Ísafold og hjálpræðisherinn“. 45.

<sup>44</sup> *Fjallkonan.* „Góðgjörðasemin og Kvenfélagið“. 30.

helstu baráttumálum sínum og höfðu mjög afgerandi sérstöðu í þeim málum.<sup>45</sup>

Thorvaldsensfélagið er þó ólíkt öðrum kvenfélögum og líknarfélögum að því leyti að félagið byggir ekki á jafn augljósum kristnum grunni og svipuð önnur félög. Í fyrstu lögum Thorvaldsensfélagsins, er guðlegrar náðar hvergi óskað né nefnt að starfsemi félagsins skuli byggð á kristnum gildum.<sup>46</sup> Meðlimir Thorvaldsensfélagsins höfðu hlotið annað uppeldi en forsvarsmenn annara svipaðra félaga svo sem Hjálpræðishersins.<sup>47</sup> Stofnendur Thorvaldsensfélagsins höfðu margar hverjar gengið menntavegin og sumar haldið til Kaupmannahafnar í þeim tilgangi.<sup>48</sup> Því er þó ekki haldið fram að menntun haldist í hendur við minni áhrif kristinnar innan slíkra félaga. Til að mynda var einn helsti brautryðjandi Hvítabandsins Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir vel menntuð<sup>49</sup>. Var hún kristin mjög, svo fylgnin á milli kristinna áhrifa og menntunar er því að engu leyti algild. Fyrst og fremst einbeitti Thorvaldsensfélagið sér að því að aðstoð til þeirra sem verst stóðu í samfélaginu og beitti ýmissa leiða til þess að safna sér styrkja. Thorvaldsensfélagið vann þó í samstarfi við svipuð félög sem augljóslega voru byggð á hinum kristna grunni, fékk lánað húsnæði annarra félaga fyrir ýmis konar samkomur og fjáraflanir, bazara og tombólur.<sup>50</sup>

Thorvaldsensfélagið er elst þeirra félaga sem fjallað er um í þessum kafla. Það skipaði mikilvægan sess í velferðarmálum Íslendinga á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta tuttugustu aldar, þegar opinber þjónusta var ekki jafn veigamikil og hún er í dag. Komandi kynslóðir skiptu meðlimi félagsins í hvívetna mestu máli og hefur sú afstaða lítið sem ekkert breyst, 138 árum frá stofnun þessa merka félags. Félagið hefur ötullega stuðlað að auknum réttindum íbúa landsins, hvort sem er börnum, konum eða fátækum. Þó var það á sviði velferðarmála þar sem félagið lét einkum að sér kveða og fyrir sína samfélagshjálpar varð félagið þekktast. Þriðja grein laga félagsins um styrktarsjóð, stofnaðan árið 1933, lýsir ágætlega þeirra afstöðu sem konur Thorvaldsensfélagsins höfðu til þeirra sem minna máttu sín í íslensku samfélagi, „stofnfé sjóðsins er 10.000 - tíu þúsund krónur - og skal ætíð standa óbreytt.“<sup>51</sup>

<sup>45</sup> Guðmundur Jónsson. „Hjálpar til sjálfshjálpar“. 379-380.

<sup>46</sup> *Thorvaldsensfélagið 100 ára. Afmælisrit 1875-1975.* 69-70.

<sup>47</sup> Pétur Pétursson. *Með himneskum armi.* 31-32

<sup>48</sup> *Thorvaldsensfélagið 100 ára. Afmælisrit 1875-1975.* 15-27.

<sup>49</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor.* 19.

<sup>50</sup> *Dagskrá.* „Föstudagur“. 108.

<sup>51</sup> *Thorvaldsensfélagið 100 ára. Afmælisrit 1875-1975.* 63.

Thorvaldsensfélagið hefur ætíð ræktað starf sitt og starfar enn þann dag í dag, innblásnar sömu andagift og fyllti þær konur sem stofnuðu Thorvaldsensfélagið.

## 2.2. Hjálpræðisherinn

Hjálpræðisherinn (héðan í frá, Herinn) var stofnaður árið 1865 af William Booth og konu hans, Catherine. Trúfélagið er skipulagt líkt og um her væri að ræða og fólk gat hvorki gegnt foringja né leiðtogahlutverkum nema það hefði gengið í herskóla. William Booth gegndi fyrstur stöðu hershöfðingja innan hersins og lagði grunn að því sem koma skyldi innan Hersins. William Booth taldi sig hafa köllun, köllun til að bjarga þeim verst settu frá saurlifnaði sínum, líkt og Pétur Pétursson kemst að orði:<sup>52</sup>

Köllun Booths var að frelsa þá sem væru dýpst sokknir í syndafen þessa heims. Hann sagðist finna sérstaka gleði í því að umgangast þá sem dýpst voru sokknir í eymdina og reyna að hjálpa þeim sem engin úrræði áttu. Hann vildi vinna þá „verstu fyrir Guð“.

Um miðbik nítjándu aldar var í Englandi mikið félagslegt röt og hafði verkamannastéttin þar fyrst fengið að kynnast þeim myrku hliðum sem iðnbyltingunni fylgdu. Kaup og kjör þeirra er lægst voru settir á Englandi dugðu vart til að skrimta og með fátæktinni fylgdu glæpir, sjúkdómar og ýmis ólifnaður. Herinn er, líkt og nafnið gefur til kynna, skipulagður af meiri aga og hernaðarskipulagi en aðrir trúarsöfnuðir sem skotið höfðu rótum líkt og Safnaðarkirkjudeildin, Öldungakirkjudeildin og Endurskírendur.<sup>53</sup> Herinn boðaði skýrar reglur um hvernig lífi mannsins skyldi lifað, laust við alla veraldlega freistingu og bannaði meðal annars leikhúsferðir og áfengi langt fram eftir tuttugustu öldinni. Herinn höfðaði mjög til þeirra þjóðfélagsstétta sem minnst höfðu á milli handanna og boðaði andlega betrun í stað veraldlegs saurlifnaðar og var „söfnuðurinn, samfélag trúaðra í andstöðu við heiminn.“<sup>54</sup> Meðlimir stóðu meðal annars að matargjöfum til þeirra sem minnst mátu sín í árferði Lundúnarborgar á síðasta þriðjungi nítjándu aldar. Einnig stóðu meðlimir fyrir svokölluðum „hreyfanlegum eldhúsum“, sem flökkuðu á milli fátækrahverfa í Lundúnum.<sup>55</sup>

Herinn hóf starfsemi sína á Íslandi árið 1895 og fyrsta tölublað af *Herópinu*,

<sup>52</sup> Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*. 31.

<sup>53</sup> Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*. 18-19.

<sup>54</sup> Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*. 23.

<sup>55</sup> Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*. 29.

málgagni Hersins kom út á Íslandi sama ár.<sup>56</sup> Upphaf Hersins á Íslandi má rekja til þess að Íslendingar sem ferðast hefðu vestur um höf, höfðu komist í kynni við starfsemi Hersins í Winnipeg og fór þar fremstur í flokki Þorsteinn Jónatansson. Þrátt fyrir að upphaf starfsemi Hersins á Íslandi hafi fæðst í kalli Vestur-Íslendingins Þorsteins Jónatanssonar, síðar Davíðssonar, þá töldu Danir sig eiga rétt á trúboði á Íslandi. Komu Hersins var mætt með grundsemdum af hálfu Íslendinga sem voru ekki vanir trúboði sem þessu og þótti Íslendingum óvanalegt að leita að trúarlegum innblæstri utan hinnar skipulögðu ríkiskirkju. Að auki fór óvild í garð Dana vaxandi og þótti mönnum lítið til alls koma sem heita mætti danskt, líkt og Herinn var vissulega.<sup>57</sup> Á síðustu áratugum nítjándu aldar hafði bylgja vísindalegra skrifa runnið yfir Ísland og voru margir íslenskir rithöfundar, undir sterkum áhrifum frá danska fræðimanninum Georg Brandes, farnir að skrifa gegn ríkiskirkjunni og öllum þeim kreddum sem á Íslandi höfðu ríkt um aldiraðir. Helstu boðorð þessara rithöfunda voru frelsi einstaklingsins undan oki yfirvalda og kirkjunnar og skyldi vilji einstaklingsins til að sækjast eftir hamingju á sínum eigin forsendum vera heilagur.<sup>58</sup> Þeim var mjög í mun að koma á framfæri við íslenskan almúga hugmyndum um endurlausnina, tvíhyggjufullyrðingum um staðreyndir himnaríkis og helvítis, svo og viðurkenningu á tilveru djöfulsins.

Því skal engan undra að boðskapur Hersins hafi ekki náð að skjóta rótum, þar sem Herinn gekk víðast hvar mjög harkalega fram í predikunum sínum. Ekki voru allir á eitt sáttir með þessa aðferð Hersins og lögðust margir áhrifamenn í íslensku samfélagi gegn honum og starfsemi hans með háðsglósum í tímaritum og blöðungum. Gengu þar einna harðast fram Benedikt Gröndal, sonur Sveinbjörns Egilssonar fyrrum skólastjóra, Björn Þórðarson og fátækrafulltrúi bæjarins, Gunnlaugur Pétursson.<sup>59</sup> Mikil aðför er m.a. gerð að Hernum í *Fjallkonunni* árið 1896 í grein skrifaðri af B.G., sem ætla má að sé Benedikt Gröndal. Benedikt hefur látið hneykslast af framkomu Hersins og þeim aðferðum er hann beitir á götum Reykjavíkur. Skömmu áður hafði ritstjóri *Ísafoldar* ritað grein um hjálpsemi Hersins í blaðið og hæld Hernum á hvert reipi. Það hól lætur

---

<sup>56</sup> Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*. 40.

<sup>57</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change. A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 148.

<sup>58</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change. A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 126-127.

<sup>59</sup> Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*. 69-73.

Benedikt mikið fara fyrir brjóstið á sér og gagnrýnir læti Hersins og trúariðkun þeirra og segir:<sup>60</sup>

Ég efast um að hinn háttvirtí ritstj. þekki mikið til annarra trúarsíða en lúterskra og kannske katólskra, svo hann getur sparað sér að brigsla öðrum um vanþekkingu á þessu; en án efa stendur honum, trúfrelsmanninum, á sama hvernig trúarsniðið er; hann mundi glaðar taka á móti Adamítum ef þeir kæmu hingað (og létu hann prenta fyrir sig), allsberir og æpandi og með öllum skrípalátum... Og hinn háttvirtí ritstj. er ekki meira „skynberandi“ en svo, að hann ætlast til að óbreyttir og skynsamir menn taki alla vöru góða og gilda, ef hún einungis kemur frá útlöndum.

Því er ljóst að Herinn hefur ekki notið vinsælda meðal allra Íslendinga fyrst eftir komu sína til landsins og má jafnvel segja að menn hafi leikið sér að því að ausa yfir aðferðir hersins fúkyrðum. Síðar gerði einnig Halldór Laxness Herinn að skotspóni sínum í skáldsögu sinni *Sölku Völku*.

Þrátt fyrir að Hernum hafi ekki verið tekið með opnum örmum af Íslendingum reyndu samtökin að standa undir nafni og veita aðstoð til bágstaddra borgara. Það er þó nokkuð ljóst að Herinn lagði meiri áherslu á trúarlegu hliðina, mikil áhersla var lögð á að fá Íslendinga til að skrá sig í samtökin á trúarlegum forsendum fremur en að þiggja þá hjálp sem þeir kynnu að bjóða. Jón Magnússon, forsetisráðherra á Íslandi árið 1920, ritar á vormánuðum það sama ár, „að Reykjavík eigi Hernum mikla þakklætisskuld að gjalda. - Þau 8 ár, er eg var bæjarfógeti hér, átti eg einatt viðskifti við aðkomumannahæli Hersins, og er mér því persónulega konnugt um það, hve afarmikið gagn sú starfsemi hans hefir gert bæði bænum og aðkomumönnum.“<sup>61</sup> Aðrir merkir menn taka undir með Jóni Magnússyni forsetisráðherra líkt og Sveinn Björnsson, þáverandi hæstaréttamálaflutningsmaður og Jón Helgason, þáverandi biskup Íslands, og mæra þá starfsemi sem Herinn hefur unnið af kostgæfni.<sup>62</sup>

Samskiptum kynjanna innan Hersins hefur oftast verið hampað og því haldið

<sup>60</sup> B.G. „Ísafold og hjálpræðisherinn“. 45.

<sup>61</sup> *Hjálpræðisherinn - 25 Ár: Frásögn um byrjun Hjálpræðishersins í Lundúnum og starf hans á Íslandi í 25 ár.* 9.

<sup>62</sup> *Hjálpræðisherinn - 25 Ár: Frásögn um byrjun Hjálpræðishersins í Lundúnum og starf hans á Íslandi í 25 ár.* 9-11.

fram að jafnrétti ríki innan Hersins. Pétur Pétursson álitur að tölfræðin ein<sup>63</sup> nægi til þess að sýna fram á að jafnrétti hafi ríkt innan Hersins frá upphafi, en hann bendir m.a. á að um það bil helmingur starfandi foringja innan Hersins árið 1878 hafi verið konur. Margrét Jónsdóttir félagsfræðingur telur hið umtalaða jafnrétti innan Hjalpræðishersins þó ekki jafn augljóst og sumir hafa viljað láta í veðri vaka. Hún bendir á að jafnréttishugsun Hersins eigi rætur sínar að rekja til ræðu sem Catherine Booth flutti árið 1854, þar sem hún predikaði jafnan rétt kynjanna til að boða Guðs orð. Kvenmenn hafa jafnt og karlmenn rétt á því að vinna sig upp metorðastiga Hersins en er mismunað eftir giftingum. Margrét Jónsdóttir kemst svo að orði um þann mismun:<sup>64</sup>

Herskólagengin kona sem giftist manni af lægri tignargráðu missir stöðu sína og fær titil og stöðu eiginmannsins. Herskólagenginn karlmaður heldur stöðu sinni við sömu aðstæður en kona hans færist upp þannig að hún fær titil til samræmis við eiginmanninn.

Því er nokkuð ljóst ef mið er tekið af rannsókn Margrétar Jónsdóttur, sem framkvæmd var árin 1991-92,<sup>65</sup> að hið margrómaða jafnrétti innan Hersins hafi ekki verið jafn augljóst og kristnir fræðimenn, líkt og Pétur Pétursson, hafa gefið í skyn. Konur virðast mega sín lítils gegn feðraveldinu í Hernum og hafa einna helst komist til valda á lægri stigum innan Hersins.<sup>66</sup> Hjalpræðisherinn hafði töluverð áhrif á íslenskt samfélag á upphafsárum sínum og létu margir sig Herinn varða, hvort sem það var í góðu eða illu. Herinn hefur haldið velli og starfrækir enn söfnuði víða um land<sup>67</sup>, en áhrifa hans gætir þó í mun minna mæli en áður fyrr. Herinn á Íslandi lagði meiri áherslu á trúrækni og guðhræðslu en velferðarmál og félagslegar umbætur af hvers kyns toga og var að því leyti frábrugðinn öðrum kristilegum samtökum og kvennasamtökum á Íslandi á nítjándu og tuttugustu öld.

---

<sup>63</sup>Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*. 28; 100-112.

<sup>64</sup> Margrét Jónsdóttir. „Staða og hlutverk kvenna í þremur trúarhópum á Íslandi“. 195.

<sup>65</sup> Margrét Jónsdóttir. „Staða og hlutverk kvenna í þremur trúarhópum á Íslandi“. 189.

<sup>66</sup> Margrét Jónsdóttir. „Staða og hlutverk kvenna í þremur trúarhópum á Íslandi“. 196.

<sup>67</sup> *Morgunblaðið*. „Messur á morgun“. 37.

### 2.3. Hvítabandið og Góðtemplarareglan

Það var að undirlagi kvenskörunganna Ólafíu Jóhannsdóttur og Þorbjargar Sveinsdóttir að samtök Hvítabandsins á Íslandi voru stofnuð þann 17. apríl árið 1895. Ólafía Jóhannsdóttir var fyrsti formaður þess. Upprunalega voru samtökin stofnuð til stuðnings baráttu fyrir stofnun háskóla á Íslandi, málefni sem bróðir Þorbjargar, Benedikt, hafði árum saman barist fyrir en litlu áorkað.<sup>68</sup> Félagið hét í fyrstu Bindindisfélag kvenna en breytti nafni sínu í Hvítabandið örfáum mánuðum síðar.<sup>69</sup> Helsta baráttumál Hvítabandsins á Íslandi var ætíð að berjast gegn þeim fjanda sem herjaði á Íslendinga, hvort sem var í innlendis eða erlendis, áfengisbólið. Hvítabandið vann ætíð í nánu samstarfi við Góðtemplararegluna, sem líkt og Hvítabandið, var byggð á kristnum grunni. Verður því fjallað um þessi tvö félög í sama kaflanum. Hvítabandið er stofnað af konum og barðist félagið því ekki eingöngu gegn áfenginu, neyslu þess og útbreiðslu heldur lögðu samtökin einnig mikla áherslu á kvennréttindi.<sup>70</sup> Hvítabandið var m.a. einn af þáttakendum í því að stofnaður var Kvennalisti, sem bauð sem fyrst fram til bæjarstjórnarkosninga árið 1908.

Velferðarmálin voru veigamikil hjá samtökunum báðum og beitti Hvítabandið sér meðal annars fyrir því að hjálpa fjölskyldum með því að veita þeim hjúkrunaraðstoð, sem var þarfafing þar sem lítið var um hjúkrunarfræðinga í Reykjavík við upphaf tuttugustu aldar. Í raun unnu samtök líkt og Hvítabandið mikið við hjúkrun allt fram til ársins 1956, allt þar til ríkið tók við þeim skyldum.<sup>71</sup> Baráttan fyrir aðgengi að hreinu vatni til þrifa og matahjálpir til hungraðra þurfamanna voru félagsmönnum Hvítabandsins ætíð ofarlega í huga.<sup>72</sup> Hvítabandið fylgdi í kjölfar Thorvaldsensfélagsins en starfaði þó á alþýðulegri nótum, þ.e. Hvítabandið var ekki elítuhópur efnakvenna líkt og Thorvaldsensfélagið.<sup>73</sup> Hvítabandið var einkum rekið með beinum framlögum félagsmanna. Einnig stóð félagið fyrir fyrirlesturum víðs vegar um landið um ýmis efni sem oftast en ekki voru þau á kristilegum nótum. Má nefna að presturinn Haraldur Níelsson hélt fyrirlestur til stuðnings Hvítabandinu árið 1913 og hið sama gerði

<sup>68</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 19; 22-23.

<sup>69</sup> Sigríður Thorlacius. *Margar hlýjar hendur*. 182.

<sup>70</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 51-52.

<sup>71</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Social Welfare System, 1895-1935“. 188-189.

<sup>72</sup> Félagsstjórn Hvítabandsins. „Hvíta-bandið“. 37.

<sup>73</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 90-91.



Þórhallur Bjarnason, forstöðumaður Prestaskólans. Einnig voru haldnar ýmis konar hátíðir, sett upp leikrit, munir seldir á tombólum og efnt til „skemmtifunda“. <sup>74</sup> Forkólfur Hvítabandsins, Ólafía Jóhannsdóttir, hafði frá æsku verið hrifin af kristilegum kenningum en ung að aldri fór hún í fóstur til Þorbjargar Sveinsdóttir, sem áður hefur verið getið. Þar kynntist hún snemma kenningum kristinna manna sem áttu eftir að fylgja henni ævilangt og vera ljós hennar í myrkinu í baráttu gegn ýmsum djöflum, líkt og áfenginu. <sup>75</sup> Hún gerði það að ævistarfi sínu að reyna að snúa heiminum til betri vegar, eftir þeirri forskrift er hún hafði alist upp við. Kristnin spilaði mikið hlutverk hjá Ólafíu alla tíð, hvort sem var í Noregi eða á Íslandi, og var hún hinum sjúku innan handar hvar sem hún var stödd. <sup>76</sup> Ólafía lést þann 21. júní 1923 og lét grafa sig við hlið Þorbjargar Sveinsdóttir, frænku, fósturmóður og hetju æsku sinnar. Samstarf Hvítabandsins á Íslandi við samtök Hvítabandsins á Norðurlöndunum hafði verið töluvert meðan Ólafía var og hét en lagðist að mest leyti af eftir að hún lést. <sup>77</sup> Í dag rekur Hvítabandið m.a. áfangaheimili fyrir konur sem komnar eru úr áfengismeðferð, Dyngjuna, og hefur gert allt frá því árið 1988. <sup>78</sup> Einnig hefur Landspítalinn í dag afnot af húsnæði Hvítabandsins að Skólavörðustíg 37 og starfrækir þar m.a. geðdeild.

Samtök Hvítabandsins voru, líkt og áður segir, stofnuð á kristilegum grundvelli og hafa fundir félagsins allt frá því árið 1902 byrjað með sálmasöngi eða kyrjun faðir vorsins. <sup>79</sup> Innblástur Hvítabandsins er efalaust að miklu leyti sóttur til Góðtemplarahreyfingarinnar, sem hafði starfað á Íslandi í rétt rúman áratug er Hvítabandið tók til starfa. Góðtemplarahreyfingin hafði jafnrétti kynjanna að leiðarljósi og var konum jafnt sem körlum leyft að kjósa, taka til máls og gegna mikilvægum störfum innan hreyfingarinnar. Góðtemplararnir byggðu starf sitt á mikilvægi kristinna gilda og var Biblían ætíð í forgrunni er Góðtemplararnir héldu sína fundi. <sup>80</sup> Góðtemplarareglan á Íslandi, sem stofnuð var árið 1884 að undirlagi Norðmannsins Ole Leid, hafði það að meginmarkmiði, líkt og Hvítabandið og önnur kristileg félög, að sporna við áfengisdrykkju Íslendinga. <sup>81</sup> Fyrsta stúkan, en það kölluðu Góðtemplarar

<sup>74</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 241-245.

<sup>75</sup> 19. júní. „Ólafía Jóhannsdóttir“. 74-75.

<sup>76</sup> Ólafía Jóhannsdóttir. „Erlendis“. 46-47.

<sup>77</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 232-233.

<sup>78</sup> *Fréttablaðið*. „Sagan sýnir hvar skóinn kreppir“. 14.

<sup>79</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 235-328

<sup>80</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 29-30.

<sup>81</sup> *Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára*. 6.

félög sín víðs vegar um landið, hlaut nafnið Ísafold, og var stofnuð á Akureyri.<sup>82</sup> Góðtemplararnir efldust mjög er leið á tuttugustu öldina og spruttu stúkur þeirra upp um allt land.<sup>83</sup> Góðtemplarahúsið, Gúttó, var notuð til margra viðburða og m.a. til þingfunda. Unglingastarf Góðtemplaranna hófst með stofnun stúku sem kölluð var Æskan, stofnuð árið 1886. Var barna - og unglíngastarf Góðtemplaranna ræktað vandlega og víða haldnir fundir og samkomur fyrir börn og unglínga, undir einkunnarorðunum *Sannleikur. Kærleikur. Sakleysi.*<sup>84</sup> Einnig voru farnar ferðir til Norðurlandanna á alþjóðleg unglíngamót Góðtemplarahreyfingarinnar.<sup>85</sup> Barnablaðið Æskan hóf göngu sína árið 1899 og fagnaði 100 ára afmæli sínu árið 1999 og var þá eitt elsta starfandi barnablað heimsins. Í því mál gagni voru skipulagðir fundir og samkomur unglíngastarfsins ásamt öðrum fróðleik. Barna - og unglíngastarfið hefur, líkt og önnur starfsemi Góðtemplaranna, farið dvínandi undanfarin ár.

Með auknu frjálslýndi hefur aðalstarf félaganna reynst erfiðara en við stofnun þeirra, þ.e. að berjast gegn áfengisnautn Íslendinga. Svo virðist sem ráðamenn á Íslandi hafi með árunum látið áfengisvandamál Íslendinga sig litlu varða að mati Góðtemplarareglunnar og telja að „íslenskir valdamenn hafa látið áskoranir Alþjóða heilbrigðisstofnuninnar um að draga úr heildarneyslu áfengra drykkja sem vind um eyrun þjóta, enda hefur drykkjuskapur fullorðinna og unglínga færst í aukana hér á landi“.<sup>86</sup> Sitt má hverjum sýnast um áfengisneyslu Íslendinga í dag, en áfram starfa Góðtemplarar á Íslandi og á Akureyri var m.a. ráðist í endurbætur á Friðbjarnarhúsi, húsakynnum fyrstu stúku Góðtemplara á Íslandi. Einnig gáfu Góðtemplarar á Akureyri Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar rausnarlega gjöf árið 2008 til styrktar rannsóknum á hjartasjúkdómum.<sup>87</sup> Góðtemplararnir lögðu lóð sitt á vogarskálarnar í velferðarmálum við lok nítjándu aldar og framan af tuttugustu öldinni en meðlimum hefur farið mjög fækkandi á síðasta þriðjungi tuttugustu aldar. Þrátt fyrir það leggja þeir enn sitt af mörkum þó að áhrif þeirra hafa dvínað innan íslensk samfélags. Góðtemplararnir voru

---

<sup>82</sup> *Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára.* 6

<sup>83</sup> Sigurbjörn Á. Gíslason. „Árið sem leið“. 21.

<sup>84</sup> *Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára.* 15.

<sup>85</sup> *Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára.* 20.

<sup>86</sup> *Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára.* 12.

<sup>87</sup> *Morgunblaðið.* „Góðtemplarar gefa 50 milljónir“. 16.

hvað flestir árið 1960, tæplega 20 þúsund meðlimir en hefur síðan farið fækkandi.<sup>88</sup>

## 2.4. Díakonissuhreyfingin á Íslandi

Díakonissur eru samtök kvenna sem eiga rætur sínar að rekja til Grikklands, skömmu eftir upphaf okkar tímatalis. Nafnið hélst lengi innan grísku kirkjunnar, en er talið hafa horfið á 8. öld e. Kr.<sup>89</sup> Samtökin gengu í endurnýjun lífdaga um miðja nítjándu öld í Þýskalandi<sup>90</sup> og breiddust þaðan út til Norðurlandanna. Orðið sjálft, díakonía, hefur gjarnan verið þýtt á íslensku sem „kærleikþjónusta eða bara þjónusta... Stundum hefur orðið líknarþjónusta einnig verið notað“.<sup>91</sup> Samtök djákna og díakonissa hafa verið virk á Norðurlöndunum allt frá seinni hluta nítjándu aldar. Svokallaðar díakonissustofnanir voru stofnaðar í Svíþjóð árið 1851, Danmörku árið 1863, Finnlandi ári síðar og Noregi árið 1868.<sup>92</sup> Allar eiga þessar stofnanir og endurreisn díakonuhreyfingingarinnar í heild sinni rætur sínar að rekja til Þjóðverjans, H.T. Fleidner, sem skömmu eftir aldamótin 1800 ákvað að hefja starfsemi díakonissa og djákna að nýju.<sup>93</sup> Díakonissur og djáknar víðs vegar um heiminn hafa reynt að sinna fátækum og illa stöddur eftir fremsta megni og „í gjörvallri kirkjusögunni hefur díakonían beinst að sjúkum, fátækum og olnbogabörnum samfélagsins. Hún hefur jafnan verið samfylgd, stuðningur og komið til varnar þeim sem átt hafa undir högg að sækja í einhverjum skilningi“.<sup>94</sup>

Samtök díakonissa náðu aldrei almennilegri fótfestu á Íslandi. Upphaf samtakanna er bundið órjúfanlegum böndum við tvær konur, þær Ingibjörgu Ólafsson og Ólafíu Jóhannsdóttir, þó svo að margir aðrir mikilsverðir menn og konur hafi lagt lóð sín á vogarskálarnar. Ingibjörg Ólafsson, sem einnig hafði starfað fyrir KFUK, ritar grein um nauðsyn slíkra samtaka á Íslandi í *Nýtt Kirkjublað* árið 1915, grein sem bar nafnið *Íslensk Díakonissu-stofnun*. Ingibjörg lét sig hjúkrunarmál Íslendinga ætíð varða og hafði um árábil ritað greinar í hin ýmsu blöð og vakið athygli á hversu illa komið væri fyrir hjúkrunarmálum á Íslandi, ungar stelpur máttu sín lítills þar sem erfitt var að

<sup>88</sup> *Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára*. 182

<sup>89</sup> S.Á. Gíslason. „Kafli úr sögu líknarstarfseminnar“. 67.

<sup>90</sup> *The Danish Church*. 125.

<sup>91</sup> *Þjónusta í sibreytilegu samhengi: Að umbreyta, sætta og efla. Framlag Lúterska heimssambandsins til að auka skilning á díakoníu og hlutverki hennar*. 7.

<sup>92</sup> Sigurbjörn.Á. Gíslason. „Kafli úr sögu líknarstarfseminnar“. 68.

<sup>93</sup> Sigurbjörn.Á. Gíslason. „Kafli úr sögu líknarstarfseminnar“. 67-68.

<sup>94</sup> *Þjónusta í sibreytilegu samhengi: Að umbreyta, sætta og efla. Framlag Lúterska heimssambandsins til að auka skilning á díakoníu og hlutverki hennar*. 42.

komast til náms og einnig voru fáar stöður í boði er heim var snúið úr námi. Einnig vekur hún athygli á því hversu erfitt það hefur reynst fyrir ungar stúlkur að læra hjúkrunarfræði, hvort sem var vegna skorts á fjárstuðningi til náms í Danmörku eða sökum trúardeilna á Íslandi.<sup>95</sup> Ingibjörgu blöskraði ástand hjúkrunarmála á Íslandi á þessum tíma og hvatti til þess að karlar og konur tækju duglega til hendinni í þeim málum:<sup>96</sup>

Það væri hægt að taka mörg dæmi til að sýna fram á ósamræmið í þessu ímyndaða sjálfstæði, en jeg vil láta mjer nægja aðeins að benda á eitt af þeim. Er það ekki einkennilegt ósamræmi, að þessi „sjálfstæða“ þjóð, sem ekki þykist vera upp á aðra komin, þarf að sækja hjúkrunarkonur til Danmerkur? Því einkennilegra er það, sem þetta er mesta þarfleysa, því nóg er til af efnilegum stúlkum hér á landi, sem hægt væri að láta læra hjúkrunarstörf, ef landstjórnin léti sig það mál nokkru skifta.

Nokkur orðaskipti urðu á milli Ingibjargar og fröken Karen Christensen, yfirhjúkrunarkonu á Heilsuhælinu á Vífilsstöðum í *Þjóðólfi*, um hjúkrunarfyrirkomulagið á Íslandi.<sup>97</sup> Karen Christensen hafði verið ráðin yfirhjúkrunarkona á Heilsuhælinu árið áður, 1910.<sup>98</sup> Litlu virðast þessi blaðskrif Ingibjargar hafa skilað, þar sem hún kveður sér hljóðs að nýju árið 1915, í þetta sinn í *Nýju Kirkjublaði*. Leggur hún til að stofnuð verði, eins og áður segir, íslensk díakonissustofnun. Ingibjörg virðist hafa verið sú manneskja, ásamt Ólafíu Jóhannsdóttir, fyrsta formanns Hvítabandsins, sem hvað ötullast barðist fyrir stofnun díakonissustofnunar á Íslandi, en varð lítt ágengt. Ingibjörg hafði imprað á málinu í *Austra*<sup>99</sup> árið 1914, en lítil hreyfing virðist komast á málið sem var Ingibjörgu svo kært. Áfram hélt Ingibjörg baráttu sinni fyrir stofnun díakonissustofnunar árið 1915, eins og áður sagði. Leiða má að því líkur að ástæða fyrir því að samtök díakonissa hafi ekki átt upp á pallborðið á Íslandi hafi verið tilkoma Félags íslenskra hjúkrunarkvenna. Það félag var stofnað árið 1919 og barðist fyrir því að hjálpa stúlkum sem vildu læra

<sup>95</sup> Ingibjörg Ólafsson. „Íslensk Díakonissustofnun“. 50.

<sup>96</sup> Ingibjörg Ólafsson. „Nokkur orð um hjúkrunarfyrirkomulagið“. 118.

<sup>97</sup> Karen Christensen. „Meira um hjúkrunarfyrirkomulagið“. 226.

<sup>98</sup> *Lögrétta*. „Reykjavík“. 108.

<sup>99</sup> Ingibjörg Ólafsson. „Nokkur orð um hjúkrunarfyrirkomulagið á Íslandi“. 72-73.

hjúkrunarstörf í Danmörku og veita þeim aðstoð á ýmsa vegu.<sup>100</sup> Starfsemi díakonissa erlendis og hjúkrunarkvenna á Íslandi var að mörgu leyti keimlík. Eftir tilkomu Félags hjúkrunarkvenna á Íslandi, sem vildu greiða götu stúlkna til hjúkrunarnáms í Danmörku, má leiða líkur að því að mestur vindur hafi farið úr baráttu Ingibjargar Ólafssonar og Ólafíu Jóhannsdóttur fyrir díakonissustofnun á Íslandi. Á meðan díakonissustarfið var í miklum blóma á Norðurlöndunum og Þýskalandi, reyndi Ingibjörg sem mest hún mátti að ýta við framamönnum í íslensku samfélagi til að taka þessu mál fyrir, en lítið gekk. Ingibjörgu, sem á þessum tíma var búsett í Vejle á Jótlandi, sveið mjög að sjá hversu illa starfið gengi á Íslandi í ljósi hversu vel það gekk á Norðurlöndunum. Námstími díakonissa leggur Ingibjörg til að verði tvö ár, líkt og í Finnlandi, og að dönsk díakonissa mundi fyrst um sinn aðstoða ungar stúlkur við námið.<sup>101</sup> Tvennt virðist Ingibjörg finna löndum sínum til foráttu í þessu máli, skömmu eftir að hún hafði hælt finnskum díakonissum á hvert reipi, þar sem hún segir:<sup>102</sup>

Ég held að það liggi í eðli okkar Íslendinga, að bera lotningu fyrir líknarverkum, en við viljum helst að aðrir geri þau. Okkur finnst þægilegra að vera áhorfendur, eða við höldum, að við séum svo fátækir, að við getum ekkert gert af sjálfsdáðum, en við verðum að bíða þangað til útlendingar hjálpa okkur. Þessvegna er saga vorrar þjóðar svo sorglega fátæk af fögrum dæmum um óeigingjarna karla og konur, sem hafa gefið sig líknarstörfum.

Erfiðleikarnir við að koma á fót slíkri stofnun voru því tvíþættir, annars vegar almennt sinnuleysi Íslendinga að mati Ingibjargar og einnig „danafóbía“, ef svo mætti að orði komast. Mörgum var það efst í huga að stofnunin sem Ingibjörg svo ötullega berst fyrir, sé íslensk. Ingibjörgu „finst mest undir því komið, hvort Íslendingar yfir höfuð að tala vilja styðja þetta fyrirtæki, og álíta það nauðsynlegt. Því þessi íslenska Díakonissustofnun á að vera innlend stofnun en ekki útlend.“<sup>103</sup>

Af blaðagreinum seinni tíma að dæma, virðist hafa verið áhugi fyrir slíkri stofnun, en eitthvað hefur upp á vantað til að hrinda slíku í framkvæmd.<sup>104</sup> Önnur kona

<sup>100</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. Öld*. 1-2.

<sup>101</sup> Ingibjörg Ólafsson. „Íslensk Díakonissustofnun“. 52.

<sup>102</sup> Ingibjörg Ólafsson. „Íslensk Díakonissustofnun“. 52-53.

<sup>103</sup> Ingibjörg Ólafsson. „Íslensk Díakonissustofnun“. 53.

<sup>104</sup> Guðm. Einarsson. „Bær Hinna Sjúku“. 29-31; Felix Ólafsson. „Aldarafmæli í norsku kirkjulífi“. 15; 21.

sem lét sig þessi mál varða var Ólafía Jóhannsdóttir, fyrsta forstöðukona Hvítabandsins. Hún hafði safnað fé til stofnunar díakonissuhúss á Íslands er hún vann við líknarstörf í Noregi, en ekki varð sá draumur að veruleika. Minningarsjóður var stofnuður til heiðurs líknarstarfsemi á Íslandi í nafni Ólafíu sem skyldi nota til að koma á fót díakonissuhúsi. Enn að nýju gekk lítið og þegar komið var langt fram á tuttugustu öldina hafði lítið sem ekkert hafði verið aðhafst í þessum fyrirætlunum Ólafíu og Ingibjargar.<sup>105</sup>

Nú þegar þetta er skrifað, árið 2013, hefur draumur þeirra „systra“, Ólafíu og Ingibjargar, enn ekki orðið að veruleika en með hugsjónum sínum og óþreytandi vilja tókst þeim að leiða líknarstarfsemi á Íslandi inn á betri slóða en ef þeirra hefði ekki notið við. Hvítabandið, undir röggumri handleiðslu Ólafíu, sinnti mörgum verkum á sviði líknar - og velferðarmála og verður sú starfsemi Hvítabandsins seint ofmetin. Ingibjörg sinnti ritstörfum svo lengi sem henni entist heilsa til og skrifaði fjölmargar greinar í blöð og bækur um hin ýmsu velferðarmál. Ingibjörg starfaði lengi fyrir hin ýmsu kristilegu trúfélög, einna lengst sem framkvæmdastjóri KFUK. Báðar létust þær ógiftar og barnslausar.

---

<sup>105</sup> Jóhann Hannesson. „Íslensk Díakonissustofnun og minningarsjóður Ólafíu Jóhannsdóttur“. 15.

### 3. Konur á Íslandi á nítjándu og tuttugustu öld – Samspil velferðarmála, kristni og kvenfrelsis

#### 3.1. Konur og velferðarmál – Áhrif samstarfs við Norðurlöndin

Allt frá upphafi nútíma velferðarkerfis á Íslandi, sem fræðimenn hafi viljað rekja allt til síðustu áratuga nítjándu aldar, fyrir innreið verkalýðshreyfinga og sósíalisma,<sup>106</sup> hafa konur, kvenfélög og starf þeirra verið nátengd velferðarstarfi og öðrum félagslegum umbótum. Þrátt fyrir annmarka reyndust konur einna ötulastar við stofnun ýmissa félagasamtaka til stuðnings velferð Íslendinga. Þau kvennasamtök ruddu síðar leiðina fyrir innreið kvenna á svið stjórn mála á Íslandi, leið sem síðar verður rædd í þessum kafla. Líkt og í öðrum málum er vörðuðu hagi Íslands, litu íslenskrar hjúkrunarkonur og kvenfélög til Norðurlandanna og sérlega Danmörku að hugmyndum og aðstoð varðandi uppbyggingu og skipulag á þeim samtökum sem skyldi koma á koppinn á Íslandi. Þó að á Íslandi hafi ekki ríkt mikil velvild undir lok nítjándu aldar í garð Dana voru kvenfélögin og þær konur sem fyrir þau unnu óhrædd til samstarfs, þvert á allar innan- og utanríkisdeilur sem kynnu að standa yfir. Það var árið 1920 að stóð til að efla samskiptin við danskar hjúkrunarkonur en reyndist það erfitt fyrir sakir erfiðs sambands við danskar hjúkrunarkonur sem vildu að hið íslenska hjúkrunarkvennafélag yrði innlimað inn í það danska.<sup>107</sup> Danskar konur höfðu hér ráðið ríkjum lengi í hjúkrun, einkum sökum þess hve erfitt það reyndist fyrir íslenskar konur sem höfðu áhuga á hjúkrun að mennta sig hér á landi.<sup>108</sup>

Samvinna milli Norðurlandanna varð töluverð er fram kom á tuttugustu öldina og unnu norrænar hjúkrunarkonur mikið saman og stofnuðu félag sem fékk heitið Samvinna hjúkrunarkvenna á Norðurlöndunum. Íslenskar hjúkrunarkonur voru í upphafi ekki meðlimur í þessu félagi, aðallega sökum drjúgs ferðakostnaðs og annarra annmarka<sup>109</sup>. Þó hafði t.d. Hvítabandið orðið fyrst íslenskra kvenfélaga til þess að gerast aðili að alþjóðlegum samtökum þrátt fyrir að „töluverð tortryggni virðist hafa einkennt viðhorf landans til alþjóðlegs samstarfs.“<sup>110</sup> Hvítabandið varð meðlimur alþjóðlegra

<sup>106</sup> Guðmundur Jónsson. „Hjálp til sjálfshjálpar“. 371.

<sup>107</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld.* 169-170.

<sup>108</sup> Sjá t.d. kafla 2.4.

<sup>109</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld.* 171-172.

<sup>110</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor.* 43.

Hvítabandssamtaka árið 1896.<sup>111</sup> Þrátt fyrir að konum hafi reynst erfitt um vik að afla sér þekkingar og stuðla að hjálp annars staðar en eingöngu á Íslandi voru konur á Íslandi sem tilheyrðu hinum ýmsu kvenfélögum ötullar við hjálp sem var laus við landamæraágreining. Ólafía Jóhannsdóttir fór víða um heim, bæði til vesturs og austurs til að breiða út boðskap kvenréttinda og einkum bindindis gagnvart áfengi.<sup>112</sup> Athygli vekur að eftir tilkomu Félags íslenskra hjúkrunarkvenna, sem stofnað var árið 1919, lagðist af baráttan fyrir díakonissustofnun, sem Ólafía Jóhannsdóttir ásamt öðrum, hafði barist svo ötullega fyrir. Tilkoma sterkrar hjúkrunarkvennastéttar á Íslandi hefur því orðið þess valdandi að erfitt reyndist að berjast fyrir díakonissustofnun, sem var að mörgu leyti keimlík starfi hjúkrunarkvenna á Íslandi. Önnur samtök sem áður hafa verið nefnd, líkt og Hvítabandið og Thorvaldsensfélagið, unnu að öðrum velferðarmálum en hjúkrunarkonur á Íslandi. Til dæmis var það ekki fyrr en um 1930 sem konur í Félagi íslenskra hjúkrunarkvenna fóru að veita barnahjúkrun og skipulagði ummönnun barna eftirtekt<sup>113</sup>, málaflokk sem hin ýmsu kristnu trúfélög höfðu látið sig mikið varða í um það bil hálfa öld þar áður. Þrátt fyrir að slíkt samstarf hafi gengið á hinum Norðurlöndunum, gekk það ekki á Íslandi. Vel má vera að smæð íslensks hjúkrunarsamfélags hafi valdið því að bæði díakonissur og hjúkrunarkonur hafi ekki átt samleið á Íslandi.

Þó fóru fleiri konur en þær fyrrnefndu erlendis til að breiða út boðskap kvenréttinda og kvenfrelsis. Bríet Bjarnhéðinsdóttir fór víða til þess að breiða út boðskapinn. Ef eingöngu skyldi horft á Kvenréttindafélag Íslands, sem stofnað var af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur árið 1907, er ljóst að mikinn innblástur hefur hún sótt til Norðurlanda og einnig annara hluta heimsins, svosem Bandaríkjana og Bretlands. Bríet sótti fundi víða á Norðurlöndunum og kynntist þar starfi annarra kvenfélaga sem hún tók sér til fyrirmyndar er kom að stofnun Kvenréttindafélagi Íslands. Fyrirmyndin að fyrstu lögum Kvenréttindafélagsins voru að mestu leyti fengin frá því sænska og því ljóst að samskiptin og áhrifin sem norræn kvenfélög og önnur svipuð samtök höfðu hvort á annað voru mikil.<sup>114</sup>

Er slaknaði á hinni miklu hræðslu við Dani eða öfgakenndri þjóðerniskennd

<sup>111</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. 42.

<sup>112</sup> Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. *Ólafía: Ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur*. 201-202.; 300-301.

<sup>113</sup> Margrét Guðmundsdóttir. *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*. 186.

<sup>114</sup> Auður Styrkárdóttir. *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922*. 63-65.



undir lok nítjándu aldar, urðu samskiptin við Norðurlöndin og þá aðallega, líkt og áður, við Dani íslenskum konum mikill fengur. Þær konur sem voru vel efnaðar eða af „góðum“ ættum höfðu tækifæri til þess að fara út til náms og lærðu margar konur hjúkrun eða urðu ljósmæður.<sup>115</sup> Samstarfið var óhjákvæmilega gagnkvæmt, danskar hjúkrunarkonur komu til Íslands til að gegna hér ýmsum störfum og þá aðallega stjórnunarstörfum á líknarheimilum og öðrum athvörfum sem áður nefnd félög höfðu komið sér upp víðs vegar um landið.<sup>116</sup> Þetta samstarf kvenna á Norðurlöndunum við konur á Íslandi var fyrir marga hluti merkilegt. Það opnaði ýmsar gáttir í átt til þess kvenfrelsis sem síðar varð raunin. Þó svo að íslenskar konur og kvenfélög hafi ekki alltaf verið tilbúnir til að ganga að kröfum danskra starfssystra sinna, var það óskipulagða samstarf sem átti sér stað um aldamótin 1900 að mestu leyti farsælt. Hugmyndir um frjálslyndi og kvenfrelsi voru oftast nær komnar frá Danmörku og var því samstarfið ekki síður andlegt en efnislegt. Þrátt fyrir að íslenskar hjúkrunarkonur og aðrar konur er börðust fyrir kvenfrelsi hafi lært mikið af dönskum konum var mikið verk enn eftir óunnið á Íslandi um aldamótin og stóðu ýmis ljón í vegi fyrir algjöru kvenfrelsi sem íslenskar konur vildu koma á á Íslandi.

### **3.2. Þróun kosningaréttar kvenna í félagslegu samhengi**

Það reyndist konum ekki auðvelt um vik að hefja sig til vegs og virðingar í íslensku samfélagi á nítjándu öld. Íhaldssamt bændasamfélag Íslands hafði mótað hlutverk kynjanna frá örófi alda og stóðu ýmis lagaákvæði í veg fyrir því að konur gætu staðið jafnar karlmönnum. Með tilkomu frjálslyndisstefnu og annarra viðlíkra viðhorfa í íslenska pólitík unnu konur hægt og sígandi á í íslensku samfélagi og voru felld úr gildi ýmis lagaákvæði sem höfðu staðið í vegi fyrir framför kvenna á Íslandi. Þrátt fyrir að um nítjándu öld sé oft talað sem öld hinna nýju hugmynda reyndist það frjálslyndum þingmönnum oft erfitt um vik að tala fyrir hönd kvenfrelsis. Með stofnun Kvenréttindafélags Íslands var stórt og mikið skref skref stigið í baráttunni fyrir kjörgengi kvenna, kosningarétti og jöfnum tækifærum til þáttöku í samfélagi manna.<sup>117</sup> Með tilkomu félagsins varð baráttan skipulagðari en áður hafði verið. Þó hafði sú gata

---

<sup>115</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Welfare System, 1835-1935“. 186.

<sup>116</sup> Sjá kafla 2.4.

<sup>117</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. 67.

er þær konur gengu verið þyrnum stráð og þurftu konur á Íslandi að yfirstíga marga hindranir til þess að komast að þeim stað sem þótti ásættanlegur.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar voru þó miklar hræringar í íslensku stjórnmalalífi. Leynileg samtök frjálsslyndra hugsjónamanna voru stofnuð árið 1880 og voru í því félagi m.a. Páll Briem og Skúli Thoroddsen, menn sem allir áttu eftir að berjast hatrammlega fyrir auknum réttindum kvenna og auknu frjálsslyndi í íslenskum stjórnmalum.<sup>118</sup> Eftir sem áður voru það karlar sem einokuðu hinn pólitíska leikvöll Íslands og höfðu algjör yfirráð yfir því hvernig málum kvenna skyldi háttað á Íslandi. Með tilkomu iðnvæðingar og auknum flutningum úr sveitum í bæji varð ódýrt vinnuafli eftirsóttara, þó svo að það hafi gerst í meira mæli í Evrópu og Ameríku en hér á landi. Staður kvenna var enn á heimilinu og starf karla skyldi enn vera þess fyrir utan.<sup>119</sup> Þróun mála á Alþingi hafði verið áhugaverð frá því fyrstu kvenfélögin voru stofnuð á síðasta þriðjungi nítjándu aldar. Frjálssyndir þingmenn höfðu lagt fram ýmsar tillögur er vörðuðu kvenréttindi. Almennilegt skrið komst þó ekki á umræðurnar fyrr en árið 1911. Það ár var skipuð níu manna nefnd sem lagði til breytingartillögur á stjórnarskránni, þar á meðal ályktun um það hvort að raunhæft það væri að konum yrði gefinn kosningarréttur. Í álitum þeirrar nefndar segir í *Alþingistíðindum* „að fjöldi kjósenda mun í einum svip vaxa meir en um helming, þar sem konum öllum verður veittur kosningaréttur jafnt sem körlum, auk annarar rýmkunar, þá virðist meirihlutanum, að ef eigi á að verða fífldirfska að auka þannig seglin, þá beri brýna nauðsyn að auka líka að einhverju leyti kjölfestuna, ef þjóðin á ekki að kolsigla sig.“<sup>120</sup> Meðal manna sem tóku þátt í smíðun þessa álits var áðurnefndur Skúli Thoroddsen, frjálsslyndisforkólfur á Íslandi.

Heitar umræður sköpuðust á þingi um þessar nefndartillögur um að gefa skyldi konum kosningarétt á Íslandi. Ekki voru allir á eitt sáttir með það og töldu að konur hefðu ekki það til brunns að bera sem kosningabæru fólki bæri skyldi til. Sumir vildu lítið tjá sig um málið og fóru diplómatiska leið í kringum umræður<sup>121</sup>, aðrir studdu það heilshugar. Skúli Thoroddsen, þingmaður N-Ísafjarðar, studdi það líkt og við mátti búast af honum og sagði að „því getur enginn neitað, að þjóðmál varðar alla jafnt, karla og

<sup>118</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir. *Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalyðsstjórnmal 1901-1944*. 38-39.

<sup>119</sup> Auður Styrkardóttir. *From Feminism to Class Politics. The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922*. 40-41.

<sup>120</sup> *Alþingistíðindi* 1911 A. 431.

<sup>121</sup> *Alþingistíðindi* 1911 B-II. 906.

konur“.<sup>122</sup> Einna harðast gegn þessum stjórnarskrárbreytingum lagðist Jón Jónsson, þingmaður S-Múlasýslu. Hann taldi að „hver sú kona sem fær þennan rétt tekst þá sjálfsögðu skyldu á hendur að fara vel með hann... Og vilja menn nú hald því fram, að sá tími, sem konur verða að eyða til þess að gera sig hæfar til að neyta þessa réttar svo sem vera ber, gæti ekki eins þarflega fyrir þjóðfélagið orðið notaður til einhvers annars?“.<sup>123</sup> Þessi orð Jóns Jónssonar virðast hafa fengið hljómgrunn á þessu þingi því ekki var kosningaréttur kvenna bundinn í lög þetta árið. Það var ekki fyrr en árið 1915 sem kosningaréttur kvenna var samþykktur eftir áratugaþæfing á þingi um málefnið.

Sú kona sem hvað ötullast barðist fyrir kosningarétti kvenna, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ritar í *Kvennablaðið* árið 1916 grein sem að miklu leyti gerir grín að þessum orðum Jóns, hvort sem það hefur verið viljandi eður ei. Konur höfðu lengi unnið við líknarstörf og önnur hjálparstörf, sem Jón Jónsson taldi greinilega þarfari notkun á tíma kvenna en sá tími sem þær mundu eyða í fræðslu á þingstörfum. Bríet ritar í blaðið og segir meðal annars:<sup>124</sup>

Menn segja að starfsvið kvenna hafi æfinlega verið bundið við líknar- og mannkærleikastörf og að vér eigum framvegis að láta þau til vor taka. Já. Einmitt þess vegna hlýtur það að verða fyrsta málið á stefnuskrá vorri að hjálpa þeim, sem bágast eru staddir í þjóðfélaginu og rétta hlut þeirra. En það eru einmitt konurnar sjálfar. Hingað til hafa karlmennirnir stjórnað öllum heiminum aleinir. Konurnar hafa ekki komið þar nærri. Þeir hafa, eins og Selma Lagerlöf segir, skapað hið reglubundna þjóðfélag og kirkju. Eftir þá *aleina* eru öll lög, sem þjóðunum er ætlað að lifa eftir, bæði konur og körlum.

Þessi orð eru skrifuð skömmu eftir að kosningaréttur kvenna hafði verið bundinn í lög, nánar tiltekið ári síðar. Um hálfri öld áður þótti það ekki sjálfsagt að konur skyldi sinna velferðarmálum og stuðla að öðrum félagslegum umbótum í íslensku samfélagi. Samfélagið hafði breyst frá því að konur væru heimavinnandi og karlar sæu um búið. Þróunin varð sú að það þótti sjálfsagt mál að konur ynnu að velferðarmálum og vildu sumir, líkt og þingmaðurinn Jón Jónsson, að það væru þau störf sem konur skyldu helga sig. Nú hafði kosningaréttinum verið náð og stuðlaði þróun kvenfélagana óneitanlega að

<sup>122</sup> *Alþingistíðindi* 1911 B-II. 931.

<sup>123</sup> *Alþingistíðindi* 1911 B-II. 934.

<sup>124</sup> Bríet Bjarnhéðinsdóttir. „Framtíðarmál vor.“. 42.

þeirra þróun. Konur höfðu unnið mikinn sigur með kosningarétti sínum árið 1915. Kvenfélögin sýndu konum á Íslandi það að þær gætu tekið þátt í uppbyggingu samfélagsins á einn eða annan hátt.

### 3.3. Frá kvenfélögum til stjórnvalda

Ásamt mikilli vakningu íslensku þjóðarinnar um réttindi sín gagnvart Dönnum varð mikil vakning meðal íslenskra kvenna. Meðfram sjálfstæðisbaráttu Íslendinga fór fram barátta kvenna um að sýna fram á að þær gætu staðið jafnar karlmönnum og aðstoðað við samfélagslega uppbyggingu. Upp úr miðri nítjándu öld fóru að spretta upp víða um land kvenfélög sem hugðust bæta hag íslenskra landsmanna. Elstu rætur kvenfélaga á Íslandi mætti rekja til síðasta þriðjungs nítjándu aldar, þar sem stofnuð voru félög kvenna víða um land til að hlúa að börnum og almennum heimilisstörfum.<sup>125</sup> Fyrir tilstuðlan þessara kvenfélaga sem stofnuð voru víðs vegar um landið urðu konur á Íslandi meðvitaðari um réttindi sín til þess að gegna mikilvægum störfum á merkari grundvelli en kvenfélögin voru. Konur á Íslandi höfðu reynt að hefja sig upp á svið karlmanna með því að stofna slík félög frá því um 1870 og færðu með því störf kvenna út fyrir heimilið. Síðar meir varð kvenréttindabaráttan veigameiri og konur fóru í stórum stíl að berjast fyrir réttindum til að kjósa í fyrstu og síðar til að bjóða sig fram til bæjar – og alþingiskosninga. Upphaflega snerist þeirra helsta baráttu um baráttuna gagnvart áfenginu og öllu því böli sem því fylgdi en síðar fóru konur að snúa sér að jöfnum réttindum við karla.<sup>126</sup> Ýmis merki þess að konum yxi ásmegin höfðu látið á sér kræla í íslensku samfélagi á nítjándu öld og skrifaðu bæði karlar og konur um réttindi kvenna til margvíslegra starfa. Páll Melsteð ritar til að mynda í *Norðanfara* árið 1870 og telur að konur eigi að engu leyti séu körlum eftirbátar og segir meðal annars<sup>127</sup>:

Mjer kemur eigi til hugar, að sá sje nokkur, er neiti því, að dætur vorar séu eins vel úr garði gjörðar af skaparans hendi eins og synirnir; mjer kemur heldur ekki til hugar, að nokkur hugsí, að þær sjeu einhverju óæðri verur, eða að þeirra ætlunarverk í heiminum sé svo rýrt eða lítið í samanburði við karlmannanna að eigi sje til kvennfólksins kostandi fje og fyrirhöfn. Nei, menn eru svo vel kristnir hjer í landi, að þeir vita, að konur eru allteins „dýru verði keyptar“ eins og

<sup>125</sup> Sigríður Thorlacius. *Margar hlýjar hendur*. 6-7.

<sup>126</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. 21.

<sup>127</sup> Páll Melsteð. „Hvað verður hjer gjört fyrir kvennfólkið?“. 24-25.

karlar, og menn eru svo fróðir í veraldarsögunni, að þeir vita, að konur eiga engu síður en karlar merkan þátt í viðburðum hennar.

Því var ljóst að búið var að sá fræjum jafnréttis áður en konur stofnuðu fyrstu framboðin til bæjarstjórnarkosninga. Undanfari kvennaframboðanna voru kvenfélögin sem stofnuð voru út um allt land til þess að hlúa að ýmsum málefnum er sneru að velferð og bættum hag Íslendinga. Hja því verður ekki komist að ræðu um hlut Bríetar Bjarnhéðinsdóttur í baráttu kvenna um bættan hag og jafnrétti kynjanna. Má segja að baráttan hafi hafist fyrir alvöru er Bríet ritaði undir dulnefninu *Æsa* í *Fjallkonuna* árið 1885 grein þar sem hún segir meðal annars að „konurnar eru ekki skapaðar til að vera einungis sem skrautgripir inn í húsi, sem enga ákvörðun hefir og ekkert gagn getur gjört annað enn það, að skemmta augum þeirra, sem líta þær... Nei, konan er sköpuð til þess að gegna sömu skyldum og njóta sömu rjettinda og karlmaðurinn, að svo miklu leyti sem hæfileikleikar hennar og vilja leyfa.“<sup>128</sup> Bríet var á undan sinni samtíð, ef svo mætti að orði komast, og barðist einna ötullast fyrir því að konu rskyldi hafa rétt til kosninga og framboðs. Sá draumur hennar og annarra kvenna sem fyrir því höfðu barist varð síðar að veruleika.

Konur höfðu fengið takmarðan kosningarétt til sveitastjórnarkosninga árið 1882 og síðar kjörgengisrétt árið 1902 og bauð Bríet sig fram til bæjarstjórnarkosninga ári síðar eða 1903. Það var svo árið 1907 sem mælt var fyrir því á þingmálafrundi í Reykjavík að almennur kosningaréttur skyldi ná jafn til kvenna sem karla.<sup>129</sup> Þau félög sem stofnuð höfðu verið á síðasta þriðjungi nítjándu aldar voru flest stofnuð í þeim tilgangi að hlúa að sjúkum og starfa að líknarmálum. Hins vegar tóku slík félög einnig þátt í skipulagðri pólitískri starfsemi, líkt og Thorvaldsensfélagið, Hvítabandið o. fl. Það var þó ekki fyrir en við stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 sem skrið komst á baráttu kvenna fyrir jöfnum stjórnmalalegum rétti og rétti til þess að bjóða sig fram til embætta. Auður Styrkárdóttir hefur ásamt öðrum fræðimönnum velt því mikið fyrir sér hvað var valdur að þessari þróun meðal íslenskra kvenna og hvað hafi valdið því að á síðasta þriðjungi nítjándu aldar hafi konur risið upp úr öskustónni, kastað af sér hlekkjum hins íhaldssama bændasamfélags og barist til þrautar fyrir auknum réttindum á sem flestum sviðum. Hún bendir á að Þjóðlið Íslendinga, sem svo var kallað, hafi

<sup>128</sup> *Æsa*. „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna.“. 45.

<sup>129</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. 79-80.

stuðlað að því að konur hófu í auknum mæli að kveða sér hljóðs innan íslensks samfélags. Þjóðliðið var hópur karla og kvenna í S-Þingeyjarsýslu sem einna fyrstur hópa kvað sér hljóðs og taldi að jafnrétti að ríkja í einu og öllu meðal kynjanna. Almenn vakning á Íslandi um jafnrétti kynjanna hafði verið hrint af stað og skyldi sú þróun ekki stöðvuð.<sup>130</sup> Með tilkomu *Kvennablaðsins*, sem í upphafi beitti sér lítið fyrir réttindabaráttu kvenna, var kominn grundvöllur fyrir feminísk skrif sem konur líkt og Bríet Bjarnhéðinsdóttir notfærðu sér í hvítvetna. Kröfur um aukið lýðræði meðal þegna flestra ríkja hins vestræna heims fór að láta á sér kræla og urðu ásamt því háværi kröfurnar fyrir auknum kvenréttindum.<sup>131</sup> Á Íslandi var til dæmis vakin athygli á því að hversu fánlegt það væri að konur væru ófjárráða yfir búi sínu að einhverju leyti og ekki með kosningarétt á meðan að eiginmaður þeirra njóti þeirra réttinda og þegar „bóndinn er drykkjumaður eða að öðru leyti óráðsmaður og eyðsluseggur“<sup>132</sup>. Baráttan frá kvenfélögum til kvennaframboða var því þynnum stráð þrátt fyrir að það hafi gerst á tiltölulega stuttum tíma í sögulegu samhengi.

Ýmsar lagalegar kvaðir stóðu því í vegi fyrir framför kvenna sem og aðrar. Bríet Bjarnhéðinsdóttir hélt til að mynda frægan fyrirlestur í Góðtemplarahúsinu sem hét *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna* árið 1887<sup>133</sup>, þar sem hún fór yfir ýmsa annmarka sem konum hefði verið settar á Íslandi og þá aðallega af kristinni hefð, annmarka sem nánar verða ræddir í næsta kafla.

### 3.4. Feðraveldi og kristni – Aftraði kristin hefð framför íslenskra kvenna?

Ísland var íhaldssamt bændasamfélag, samfélag sem byggði á gildum sem höfðu verið við lýði allt frá landnámi. Ísland batt kristni í lög árið 1000, fyrst við kaþólskan sið og síðar lútherskan. Biblían var um aldaraðir eitt helsta verkfæri Íslendinga við uppeldi og menntun og byggðist samfélagið að miklu leyti upp á guðhræðslu og kristilegum gildum sem Biblían kenndi. Biblían var því eins konar hjálparhella, barnapía fyrir uppeldi barna er húsmæður höfðu mikið á sinni könnu. Bríet Bjarnhéðinsdóttir þótti Biblían þó ekki marktæk er kom að jafnrétti milli kynjanna og taldi að frá sköpun mannsins í öndverðu hefði verið gert upp á milli kynjanna, þar sem karlmenn voru konum æðri. Bríet flutti,

<sup>130</sup> Auður Styrkárdóttir. *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922*. 83-85.

<sup>131</sup> Auður Styrkárdóttir. *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922*. 47-48.

<sup>132</sup> Útgefendur: Sigríður Þorsteinssdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir. „Fjárráð giptra kvenna.“ 1.

<sup>133</sup> Bríet Héðinsdóttir. *Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur: Strá í hreiðrið*. 44

fyrst allra kvenna, merkan fyrirlestur sem var einkar vel sóttur í Góðtemplarahúsinu þann 30. desember árið 1887<sup>134</sup>, sem bar nafnið *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna*, þar sem hún sagði meðal annars:<sup>135</sup>

Þegar vjer lítum til baka, höfum vjer ekki annað við að styðjast en sögurnar, og verður þá biflían hin fyrsta saga, sem fyrir oss verður og sem flestir af oss þekkja. Frásögn hennar um sköpun Adams og Evu hefir lengi verið tekin af allmörgum sem óræk sönnun þess, að guð hafi þegar í öndverðu ætlað konum lægra sæti í mannfjelaginu en karlmönnum, því annars mundi hann eigi hafa haft svo lítið við hana, að skapa hana einungis af einu rifbeini karlmannsins.

Áfram heldur Bríet í fyrirlestri sínum og segir meðal annars að „kenning Páls postula er að þessu leyti áframhald af gamla testamentinu, sem eðlilegt var; og vjer sjáum, hve fastlega hann hefir fylgt hinni fornu frásögu biflíunnar um sköpun mannanna, þegar hann í fyrra bréfi sínu til Korintuborgarmanna býður konum, að þær sjeu mönnum sínum undirgefnar, þolinmóðar og auðsveipar.“<sup>136</sup> Nokkuð ljóst þykir því að Bríet vildi hefja umræðuna um jafnrétti kynjanna upp fyrir texta hinnar heilögu ritningar, upp fyrir svið karllægs kristindóms sem íslenskir karlmenn höfðu allt of lengi falið sig bakvið og notað til þess að réttlæta samfélagslega stöðu kvenna á Íslandi. Málunum var þannig háttað víðar en eingöngu á Íslandi. Í t.d. Svíþjóð hafði Fredrika Bremer skrifað snemma á nítjándu öld nokkrar bækur um upprisu kvenna úr fjötrum karllægrar túlkunnar á Biblíunni. Hún taldi svo vera að það væri eingöngu röng túlkun á orðum Guðs, sem var túlkun karla, sem hefði valdið því að konur væru á þeim tíma lægra settar en karlar.<sup>137</sup> Því verður þó ekki haldið hér fram að Bríet hafi að engu leyti verið kristin manneskja, að vera trúlaus að öllu leyti á Íslandi um aldamótin 1900 reyndist flestum erfitt, einkum voru það S-Þingeyingjar sem slíkar skoðanir höfðu og tjáðu opinberlega<sup>138</sup>. Bríeti þótti bara svo ekki geta verið að guð almáttugur hafi ætlað hlutverkum kynjanna svo ójafnt hlutverk þó svo að hún hafi alltaf passað sig á því að gagnrýna hvorki yfirvöld

<sup>134</sup> „Fyrirlestur kvennmanns um kvennfrelsi“. 2.

<sup>135</sup> Bríet Bjarnhéðinsdóttir. „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“. 5.

<sup>136</sup> Bríet Bjarnhéðinsdóttir. „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“. 6-7.

<sup>137</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Welfare System, 1835-1935“. 27-28.

<sup>138</sup> Sjá t.d. Gunnar Karlsson. *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*. 192-194; Þorgils gjallandi. *Sögur*. 11-12.

kirkjunnar né starfshætti kirkjulegra yfirvalda.<sup>139</sup> Þó svo að Bríet hafi sett sig upp á móti kennisetningum kirkjunnar og Biblíunnar voru mörg kvenfélög sem byggðu á kristilegri forsjálni og kristilegum gildum, t.d. Hvítabandið. Hins vegar takmarkaðist það starf kvenna oft við kvenfélögin og áttu þær oft á tíðum í erfiðleikum með að koma sér á framfæri og voru metnar að verðleikum á öðrum sviðum en þar sem þær gætu sýnt fram á móðurlega ást, líkt og oft var talað um í líknarmálum. Þær konur sem unnu hvað ötullast að líknar- og velferðarmálum á Íslandi höfðu í flestum tilvikum lútherska kristni að leiðarljósi í starfi sínu og höfðu í frammi litlar tilraunir til að endurskapa eða mótmæla þeim fyrirfram mótuðu skoðunum sem ríktu á Íslandi. Konur skyldu hlúa að heimilinu og ala börnin upp á sem kristilegastan máta.<sup>140</sup>

Konur voru almennt taldar lifa trúarlegra lífi en karlar á 19. öld.<sup>141</sup> Sú bylgyja vantrúar, raunsæis og frjálslyndis virðist hafa átt frekar við karla en konur. Konur voru oftast heimavinnandi og var það hlutverk heimavinnandi kvenna að kenna börnum heimilisins bænir og undirstöðu kristindómsins. Hugtakið um feðraveldi er flókið og hefur verið sett fram á ýmsan máta. Auður Styrkárdóttir útskýrir hugtakið vel í bók sinni *From Feminism to Class Politics*<sup>142</sup> og verður sú skilgreining höfð til hliðsjónar hér. Feðraveldið á Íslandi og íhaldssemin hélt konum heima við og fengu konur fá tækifæri til þess að nýta hæfileika sína til annars en móðurhlutverksins og uppeldis barna. Því var haldið fram að konur væru best til þess hlutverks fallnar ef andi kristindómsins flæddi óhindraður um þær.<sup>143</sup> Konur þurftu frá unga aldri að lúta strangari reglum en karlar og sérlega var konum mismunað í málum sem sneru að kynlífi og þurftu að vera „undir sterkari kristilegum og siðferðislegum aga en karlar“.<sup>144</sup> Því er nokkuð ljóst að konur voru undir járnhæl kristilegs aga og siðferðis og mismunaði kristilegt feðraveldi íslenskum konum og sá til þess að þær gátu ekki notið jafnra tækifæri eða notið sannmælis við karla. Vissulega var staðan svipuð víðs vegar um heiminn, konum var víðast mismunað og seint og um síðir gefin réttur til kosninga og kjörgengis. Framfarir á sviði mannréttinda höfðu orðið víðast hvar þó enn hafi vantað upp á jöfnuð milli

---

<sup>139</sup> Inga Huld Hákonardóttir. *Gender and Vocation: Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940*. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Welfare System, 1835-1935“. 182.

<sup>140</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. Bls. 24-25.

<sup>141</sup> Þórunn Valdimarsdóttir. *Kristni á Íslandi IV - Til móts við nútímann*. 119-122.

<sup>142</sup> Sbr. Auður Styrkárdóttir. *From Feminism to Class Politics. The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922*. 32-38.

<sup>143</sup> Þórunn Valdimarsdóttir. *Kristni á Íslandi IV - Til móts við nútímann*. 119.

<sup>144</sup> Þórunn Valdimarsdóttir. *Kristni á Íslandi IV - Til móts við nútímann*. 120.



kynjanna. Með tilkomu líknar- og velferðarsamtakanna sköpuðust tækifæri til þess að gera út af við feðraveldið og kristilegu afturhaldssemina sem einkennt hafði íslenskt samfélag frá aldamótunum 1000.<sup>145</sup>

Framboð kvenna til þingsetu var þó hvergi jafn öflugt á Norðurlöndunum og á Íslandi svo að ljóst þykir að þrátt fyrir að á Íslandi hafi samfélagið verið kristilegt og íhaldssamt náðu konur á Íslandi merkilegum árangri á sviði stjórn mála sem og velferðarmála.<sup>146</sup> Má að miklu leyti þakka það þrautseigju þeirra kvenna sem áður hafa verið nefndar í ritgerðinni, hvort sem það voru forkólfar kvennafélaga sem börðust á sviði félagslegra umbóta eða konur, og einnig karlar, sem börðust gegn kristilegri afturhaldssemi með fyrirlestrum og skrifum í blöðunga. Þeim tókst það sem mörgum öðrum hafði áður mistekist, að hefja orðræðuna upp á svið jöfnuðar og veraldlegra staðreynda í stað þess að leyfa feðraveldinu að vaxa og dafna á Íslandi óáreitt í skálkaskjólí kristilegra siða. Kvennaframboðin voru mótsvar kynsins gegn þeirri þróun sem karlmenn á þingi höfðu óspart notfært sér. Þingmenn reyndu að notfæra sér vald sitt sem þingmenn til þess byggja hartnær ókleifan múr milli heimilsins og þess starfs sem var að vera þingmaður.<sup>147</sup> Starfið sem unnið var í kringum aldamótin 1900 var mikilsvert og stuðlaði óneitanlega að auknum jöfnuði innan íslensks samfélags. Bríet Bjarnhéðinsdóttir var sú kona sem einna helst vildi snúa gildum samfélagsins á hvolf og krafðist jafnréttis á öllum vígvöllum, annað en þær konur sem störfuðu fyrir t.d. Hvítabandið. Þrátt fyrir að hún hafi mest líklega verið kristin kona, neitaði hún með öllu þeim skoðunum kirkjunnar að konur skyldu eingöngu vera heimavinnandi og ekkert koma nálægt mótun samfélagsins.

---

<sup>145</sup> Auður Styrkárdóttir. *From Feminism to Class Politics. The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922.* 51-52.

<sup>146</sup> Auður Styrkárdóttir. *From Feminism to Class Politics. The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922.* 185.

<sup>147</sup> Auður Styrkárdóttir. *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922.* 65-66.

## 4. Ríkið og kirkjan

### 4.1. Þróun og staða íslensku kirkjunnar frá 1870-1914

Áhrifa lúthersku kirkjunnar gætti víða í íslensku samfélagi og tók íslensk löggjöf upprunalega mikið mið af kristnum gildum og kenningum, sem í seinni tíma hefur þó borið minna á. Í daglegu tali er þó oftast talað um þjóðkirkjuna fremur en ríkiskirkjuna á Íslandi. Hugmyndir um þjóðkirkjuhugtakið má rekja til heimspekingsins og guðfræðingsins Friedrich Schleiermacher sem vildi greina þar á milli. Muninn á þjóðkirkju og ríkiskirkju telur Schleiermacher, með orðum Sigurjóns Árna Eyjólfssonar vera á þennan máta:<sup>148</sup>

Þjóðkirkjuna er ekki unnt að leggja að jöfnu við ríkiskirkjuna eða stofnanir ríkisvaldsins. Hún er að öllu leyti háð skilgreiningum á sambandi ríkis og kirkju, hún er miklu fremur mótandi afl í hinu almenna kirkjulífi. Þjóðkirkjuhugtakið lýsir mun fremur stöðu en að það feli í sér lagalega skilgreiningu kirkjunnar.

Eining Þýskalands hafði mikil áhrif á þróun kirkjumála á Norðurlöndunum, en eining Þýskalands átti sér stað árið 1871. Hugmyndir um þjóðkirkju, kirkju sem er umhugað um andlega velferð þjóðfélagsins í heild fremur en að vera virk í afskiptum af ríkinu, sækir uppruna sinn að miklu leyti til sameiningar Þýskalands. Á Norðurlöndunum og á Íslandi ber kirkjuskipulagið enn töluverðan keim af þessu fyrirkomulagi, þar sem oftast er talað um að þjóðirnar eigi menningu sína og arfleið mikið undir kirkjunum og kirkjuvaldi þar sem andleg arfleið þjóðkirknanna er mikilvægari en sú veraldlega.<sup>149</sup> Norska þjóðkirkjan hefur þó að mestu leyti klofið sig frá ríkinu þar sem hefur verið komið á auknu lýðræði innan kirkjunnar, og fá meðlimir kirkjunnar fá að kjósa í trúnaðarstörf innan kirkjunnar. Þó hlýtur norska kirkjan enn fjárhagslegar aðstoðar ríkis og sveitarfélaga. Svíar hafa einnig komið á aðskilnaði ríkis og kirkju en á Íslandi og í Danmörku eru ríki og kirkja enn samtvinnuð.<sup>150</sup>

Á Íslandi hefur, líkt og áður kom fram, í seinni tíð verið talað um þjóðkirkju fremur en ríkiskirkju og hafa ítök kirkjunnar orðið minni eftir því sem tíminn hefur

<sup>148</sup> Sigurjón Árni Eyjólfsson: Uppruni og þróun þjóðkirkjuhugtaksins. 20

<sup>149</sup> Sigurjón Árni Eyjólfsson. 21-22.

<sup>150</sup> Harald Hegstad. „Norska kirkjan breytist frá ríkiskirkju til lýðræðislegrar þjóðkirkju - hugleiðingar um yfirstandandi ferli“. 141-144.

liðið. Síðast var það árið 2010 þar sem Alþingi ákvað að ein hjúskaparlög skyldu gilda fyrir alla, óháð kyni eða kynhneigð.<sup>151</sup> Þar með er þó ekki sagt að málum hafi alltaf þannig verið háttað. Nítjándi öldin var öld mikilla breytinga og örrar samfélagsþróunar í heiminum öllum. Á Íslandi varð mikil vakning í samfélaginu öllu, bindindishreyfingar fóru að kveða sér hljóðs í baráttu sinni gegn áfengisneyslu Íslendinga ásamt öðrum félagslegum umbótum og kristileg trúfélög urðu einnig áhrifmikil á sviði velferðarmála. Ýmis kvenfélög reyndu með öllum tiltækum ráðum að berjast gegn örþingri Íslendinga, sem var mikil á nítjándi öld. Einnig sigldi heimurinn allur hraðbyri í lýðræðisátt. Á Norðurlöndunum varð töluverð trúarvakning á nítjándi öld, sem segja má að hafi komið í kjölfar heittrúarstefnunnar og upplýsingarinnar, sem skaut rötum á átjándi öld<sup>152</sup>. Með auknu lýðræði jókst hins vegar gagnrýnin á kirkjuna og skrifuðu mörg skáldin blaðagreinir og sömdu ljóð sem lýstu með ágætum tíðarandanum á Íslandi undir lok nítjándi aldar.<sup>153</sup> Einnig höfðu trúboðar margra mismunandi trúabragða haslað sér völl á Íslandi á nítjándi öld, þó með misgóðum árangri og hafði það minniháttar áhrif á hið kristna samfélag Íslands.<sup>154</sup> Stjórnskipulag kirkjunnar breyttist mikið á seinni helming nítjándi aldar og var það til komið af bæði stjórnarfarsbreytingum í Danmörku sem og frjálslyndishugmyndum. Árið 1847 var stofnaður á Íslandi prestaskóli sem varð til þess að prestar á Íslandi urðu að vera háskólamenntaðir sem dró töluvert úr aðsókn í prestanám. Tilkoma íslenskrar stjórnarskrár árið 1874 átti að auka á sjálfstæði kirkjunnar á Íslandi en það var talsýn íslenskra presta, kirkjunni á Íslandi var enn stýrt frá Danmörku og urðu völd biskups lítið meir en áður. Ári áður, 1873, verið komið á fót landshöfðingjaembætti, sem í fyrstu var sett í hendur Magnúsar Stephensen. Það veikti embætti biskups enn fremur enda gat landshöfðingji nú vikið biskup frá völdum ef honum sýndist svo.<sup>155</sup>

Óhætt er því að segja að seinni hluti nítjándi aldar hafi verið mikill umbrotatími í málefnum íslenskrar kirkjuskipunar. Um aldamótin stóð töluverður styr meðal Íslendinga hvernig kirkjumálum Íslendinga skyldi hagað. Sumir vildu skilja sig frá

---

<sup>151</sup> <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/samkynhneigdir/>. Sótt 27. mars 2013.

<sup>152</sup> Hjalti Hugason. „Kristni og kirkja“. 206-207.

<sup>153</sup> Stephan G. Stephensen. *Andvökur*. Bls. 479-482.; Einar Benediktsson. „Sumarmorgun. (í Ásbyrgi)“.

82.  
<sup>154</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 114-117.

<sup>155</sup> Torfi K. Stefánsson Hjaltalín. *Íslensk kirkjusaga*. 228-230.

stjórn Dana í kirkjumálum á meðan aðrir töldu að slíkt væri ekki við hæfi.<sup>156</sup> Íslenska kirkjan klauf sig þó hægt og rólega frá þeirri dönsku, rétt eins og þjóðin í heild sinni. Árið 1904 varð fyrsti íslenski ráðherrann, Hannes Hafsteinn, yfirmaður kirkjunnar á Íslandi og er Íslendingar fengu fullveldi árið 1918 virðist hafa verið ákveðin sátt um ástand kirkjumála. Það var helst Sósíalístaflokkur Íslands sem barðist fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, sem þó bar lítin ávöxt.<sup>157</sup> Svo virðist vera sem stöðnun hafi orðið í baráttu ýmissa aðila fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju er Ísland öðlaðist fullveldi árið 1918 og fóru áhrifamenn í íslensku samfélagi nú að berjast fyrir öðrum málefnum. Enn í dag hefur draumur gömlu sósíalístanna um aðskilnað ríkis og kirkju hefur enn ekki orðið að veruleika og stendur kirkjan traustum fótum að því virðist í íslensku samfélagi, í góðu sambandi við ríkisvaldið.

#### **4.2. Aðkoma íslensku kirkjunnar og starfsmanna hennar að velferðarmálum**

Töluverður styr hafði staðið um stöðu kirkjunnar á nítjándu öld og við upphaf tuttugustu aldar. Menn höfðu krafist aðskilnaðs og voru gefnar fyrir því ýmsar ástæður. Sumir töldu að í ljósi þess hversu mikilvæg stofnun kirkjan hefði alltaf verið á Íslandi, væri frelsi undan Dönum eitt af þeim stóru skrefum sem þyrfti að stíga til fullveldis. Aðrir töldu það nauðsynlegt skref í lýðræðisátt væri lausn kirkjunnar undan ríkisvaldinu. Enn aðrir létu hálaunaða menn kirkjunnar fara fyrir brjóstið á sér á tímum fátæktar og vosbúðar á Íslandi, en á níunda áratug nítjándu aldar hafði Alþingi, sem þá fór með fjárlagavald á Íslandi, hækkað laun biskups til samræmis við danska starfsbræður sína.<sup>158</sup> Slíkar umræður og deilur um stöðu þjóðkirkjunnar lifa enn góðu lífi á 21. öld.<sup>159</sup>

Breytingar í íslensku samfélagi einskorðuðust ekki við hugmyndafræði gagnvart kirkjunni og gagnrýni á tangarhald hennar á frjálslyndum og gagnrýnum hugmyndum í hennar garð. Mikil breyting varð á búsetu Íslendinga á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta tuttugustu aldar. Menn og konur fluttu í stórum stíl úr sveit til borga og bæja, sem óneitanlega raskaði því ævafora skipulagi sem hefðu verið við lýði á kirkjusóknum og trúarlífi Íslendinga. Utanaðkomandi áhrif frá m.a. iðnbyltingunni og

---

<sup>156</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 136.; Þórarinn Böðvarsson. „„Undirtektirnar“ og aðskilnaður á ríki og kirkju.“. 113-119.

<sup>157</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 140-141.

<sup>158</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 129.

<sup>159</sup> <http://tru.is/pistlar/2011/11/adskilnadur-rikis-og-kirkju-ogn-vid-thjodkirkjuna>. Sótt. 27. mars 2013.

þar af leiðandi auknum atvinnutækifærum í bæjum urðu þess valdandi að ásýnd kirkjuskipulags Íslands breyttist töluvert.<sup>160</sup> Fram hefur komið að helsti munur á velferðarmálum á Íslandi og Norðurlöndunum var hversu lítil afskipti kirkjunnar voru á Íslandi. Það sem helst þurfti að huga að í þeim málum voru þurfandi menn og konur sem oftast áttu ekkert land og voru vinnumenn á býlum bænda. Frá tímum þjóðveldisaldarinnar hafði slík hjálp verið í höndum hreppanna sem dreifðu út matargjöfum eða annarri slíkri hjálp til þeirra sem það þurftu. Bændur greiddu kirkjunni tíund sem gerði þessa hjálp mögulega. Síðar var þeirra tíund dreift í formi samfélagshjálpar til þeirra þurfandi af hönd hreppanna.<sup>161</sup>

Íslensk sveitasamfélag hafði alltaf verið einkar kristið og var það ritað í lög að prestar skyldu heimsækja hvert einasta bændabýli í sókn sinni reglulega, helst hvern einasta sunnudag, og spyrja íbúa heimilsins, þá einna helst börn og vinnumenn, hvort að bóndinn stæðu við lagalegar skyldur sínar gagnvart íbúum heimilsins. Þær skyldur voru m.a. að sjá börnum fyrir kristilegu uppeldi og til þess þyrftu að vera ákveðnar trúarbækur á hverju heimili. Ef prestur varð var við síendurtekin brot á þessum skyldum bónda var honum heimilt að fjarlægja börn af heimilinu og flytja þau til „heimilis almennilega kristins bónda“.<sup>162</sup> Kirkjan lék einnig töluvert hlutverk er kom að sambúð og giftingum fátækra á fyrri hluta nítjándu aldar. Þá þurftu opinberir embættismenn að gefa blessun sína yfir sambúðinni. Þrátt fyrir að fá lagaleg ákvæði þyrfti að uppfylla til giftingar, hafði kirkjan fengið vinsamlegar ábendingar frá yfirvöldum að gefa ekki saman fólk þar sem hjónin gætu ekki séð fyrir sjálfum sér og börnum sínum á „kristilegan máta“.<sup>163</sup> Því var ljóst að þrátt fyrir að hin nýja frjálslynda hugmyndafræði skolaði á strendur Íslendinga á nítjándu öld héldust þær ekki hönd í hönd við hið íhaldssama bændasamfélag sem á Íslandi var. Kirkjan í heild sinni hafði lítið sem ekkert hlutverk í málum sem sneru að hjúkrun sjúkra, ummönnun aldraðra eða framfleytingu fátækra. Prestar kirkjunnar gengdu þó töluverðu hlutverki, aðallega er kom að uppeldi barna, eftirlit með námi og siðferðilegt eftirlit með hjónaböndum og barneignum, kynlífi og félagslegu taumhaldi. Prestum var skylt að fylgjast með lærdómi barna og unglinga,

---

<sup>160</sup> Hjalti Hugason. „Kristni og kirkja“. 207-208.

<sup>161</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 67-68.

<sup>162</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 54-55.

<sup>163</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 70.

en komu lítið að kennslu. Kennslan samanstóð aðallega af kristinfræði, lestri, skrift og reikningi.<sup>164</sup> Prestum var einnig skylt að sjá til þess að Íslendingar eignuðust ekki börn utan hjónabands né að „hneykslanleg sambúð“ ætti sér stað. Því er óhætt að segja að prestar hafi töluvert komið að málum samfélagsins og sneri það einkum að kristilegum málefnum, giftingum, hórdómi sem var ekki í samræmi við kristindóminn, barneignum utan hjónabands og siðferðislegs taumhalds allra íbúa sóknanna. Það fól í sér ýmsa hluti, strangt var tekið á sífjaspelli og einnig voru prestar fyrir breytingu hegningarlaganna árið 1869 skyldugir til þess að fylgjast með því hvort að hjón sem gefin hefðu verið saman lifðu kristilegu lífi. Einnig komu prestar að menntun barna líkt og áður var getið.<sup>165</sup> Aðkoma kirkjunnar í heild sinni með skipulögðum hætti að velferðarmálum Íslendinga um aldamótin 1900 var því að einhverju leyti hjálp til þurfamanna í gegnum innheimtu tíundarinnar. Það var þó eftir sem áður í verkahring sveitastjórnar hvers hrepps fyrir sig. Nánar verður rætt um aðkoma kirkjunnar og málum sem að henni sneru á þingi í næsta kafla.

#### **4.3. Deilur á þingi um ástand velferðarmála og aðkoma kirkju**

Félagsleg vandamál hafa alltaf verið til staðar, hvort sem það voru sjúkdómar eða slys, atvinnuleysi eða fátækt. Með breyttu samfélagi, vaxandi iðnvæðingu og auknum búferlaflutningum milli héraða og landshluta var þetta vandamál samfélagsins í heild en ekki eingöngu vandamál sem tekið var á innan stórfjölskyldunnar og með aðstoð nágranna.<sup>166</sup> Félagsmálapólitíkinni var þó ekki tekið opnum örmum á Íslandi í upphafi og töldu menn að mörgum brýnni málum mætti sinna á nítjándu öld og bar þar baráttan fyrir auknu frelsi gagnvart Dönum einna hæst. Félagsmálapólitíkin var af mörgum talin tengjast órjúfanlegum böndum við sósíalisma og vinstri stefnur<sup>167</sup>, þó svo að slík tengsl hafi liðið undir lok er mönnum varð ljóst að félagsmálin voru ekki keppikefli vinstrianna heldur málaflökkur sem Alþingi í heild sinni þyrfti að taka föstum tókum. Töluverðar deilur höfðu til dæmis verið um fátækraframsæslu á nítjándu öld og við upphaf aldarinnar voru amtmenn á landinu ósammála um hvaða lög og reglur skyldu gilda um fátækraframsæsluna. Árið 1834 voru þó reglugerðir um málefni fátækra

<sup>164</sup> Þórunn Valdimarsdóttir. *Kristni á Íslandi IV - Til móts við nútímann*. 143-146.

<sup>165</sup> Þórunn Valdimarsdóttir. *Kristni á Íslandi IV - Til móts við nútímann*. 178-183.

<sup>166</sup> *Félagsmál á Íslandi*. 4.

<sup>167</sup> *Félagsmál á Íslandi*. 4.

samrýnd um land allt og eitt látið gilda um alla.<sup>168</sup>

Þó voru málin sem sneru að fátækum stöðugt til umræðu og reyndu þingmenn á Íslandi frá 1845 sitt besta til að vinna og endurbæta þau lög sem þá þegar voru í gildi. Sjá má í Alþingistíðindum að mikið hefur verið karpað um þessi mál og oft hart tekist á um þau á þingi.<sup>169</sup> Á flestum þingum risu umræður um þessi mál og vorulög er að þessu sneru í tiltölulega föstum skorðum frá endurreisn Alþingis allt fram til 1874 og „má segja, að á hverju þingi hafi komið fram breytingartillögur við reglugerðina eða frumvörp til nýrra fátækralaga, auk þess sem því var hreyft hvað eftir annað að skipa millipinganefnd til að endurskoða fátækrareglugerðina eða semja ný fátækralög.“<sup>170</sup> Einna háværust var umræðan árið 1889 en það ár var lagt fram frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki. Frumvarpið fjallaði um ellilífeyrisþega og hafði raunar fyrst verið lagt fram árið 1887 en þá fellt. Var meining frumvarpsins „að fá menn til, meðan þeir eru á bezta skeiði, að verja nokkru af arði sínum til þess, að eiga vísan styrk á elliárunum.“<sup>171</sup> Skúli Þorvarðarson, annar þingmaður Árnesinga og Jón Ólafsson fyrsti þingmaður S-Múlasýslu börðust einarðlega fyrir því að þetta frumvarp yrði að lögum en á móti þeim voru einna helst konungskjörnu þingmennirnir Júlíus Havsteen, Árni Thorsteinsson og Arnljótur Ólafsson.<sup>172</sup> Þó svo að frumvarpið hafi á endanum verið samþykkt gefur það góða mynd af hugsunarhætti manna á þessum tíma að er Júlíus Havsteen segir að „jeg vildi óska, ef frumv. þetta verður að lögum, að það yrði eins hægt að framkvæma þau lög, eins og er að skrifa þau. Meiningin með frumv. getur verið góð, en í sjálfu sér er það „utopi“.“<sup>173</sup>

Á þessum tíma var það algengt að biskup Íslands sæti á þingi sem konungskjörinn þingmaður og var Pétur Pétursson biskup engin undantekning á þeirri reglu. Einnig sátu á þingi sem þjóðkjörnir þingmenn margir prestar og prófastar, svo að ljóst var að kirkjan átti sína menn á þingi sem töluðu fyrir hönd og hag kirkjunnar. Hins vegar stendur hið forkveðna sem drepið var á í síðasta kafla að kirkjan á Íslandi sem skipulagt afl í þjóðfélaginu lét lítið að sér kveða og beitti sér lítið í velferðarmálum og öðrum félagslegum umbótum á Íslandi. Fjölmörg frumvörp sem varða velferðarmál

---

<sup>168</sup> *Félagsmál á Íslandi*. 152.

<sup>169</sup> *Alþingistíðindi* 1845. 37.

<sup>170</sup> *Félagsmál á Íslandi*. 153.

<sup>171</sup> *Alþingistíðindi* 1889 A. 231.

<sup>172</sup> *Alþingistíðindi* 1889 A. 261-275

<sup>173</sup> *Alþingistíðindi* 1889 A. 266.

voru lögð fram á nítjándu öld og einnig frumvörp er vörðuðu kirkjuna. Þeir menn sem tengdust kirkjunni og sátu á þingi lögðust hvað mest gegn frumvörpum líkt og frumvarpinu um trúfrelsi sem og réttindum þeirra er stóðu fyrir utan ríkiskirkjuna<sup>174</sup>. Einna helst voru það menn sem voru undir áhrifum frjálslyndis sem vildu samþykkja slíkar tillögur, sem síðar urðu að veruleika.

Frá endurreisn Alþingis 1845 komu biskupar og prestar að atkvæðagreiðslum um velferðarmál á Alþingi, sem áður er rakið, en eftir 1904 urðu breytingar á stjórnarsýslu Íslands til þess að þau tengsl rofnuðu að miklu leyti. Kirkjan fór að skilja sig að miklu leyti frá allri stjórnarsýslu og varð að andlegra tákni kristinna manna á Íslandi fremur en veraldlegt afl. Með breytingum á stjórnarfarinu árið 1904 urðu miklar breytingar á málefnum kirkjunnar. Meðal annars voru störf kirkjunnar aðskilin þingstörfum og einnig varð hlutverk presta sem kennara barna mun minna.<sup>175</sup> Því er vart hægt að halda fram að ítök kirkjunnar á þingi og aðkoma þeirra að velferðarmálum hafi verið mikil eða skipuleg. Íslenska kirkjan einbeitti sér að öðrum málum og sinnti öðrum verkefnum af meiri elju og hefur allar götur síðan látið ríkisvaldið að mestu um skipulagningu velferðarmála. Kirkjan kom, líkt og áður hefur verið rakið, með óbeinum hætti að þessum málum. Prestar og biskupar sátu áður fyrr á þingi og hafa að öllum líkindum beitt sér fyrir kirkjuna á þeim starfsvettvangi.

---

<sup>174</sup> Sjá t.d. *Alþingistíðindi* 1885 A. 75-89.

<sup>175</sup> Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. 137-138.



## 5. Niðurstöður

Nítjándi öldin var öld mikilla hræringa í heiminum sem og á Íslandi. Velferðarmál á Íslandi höfðu verið í töluverðum ólestri framan af öldinni og var staða þeirra sem minnst höfðu á milli handanna í landinu afar bágborin. Miklar kvaðir voru á þurfamönnum sem voru oftast nær upp á bændur og landeigendur komnir til að geta framfleytt sjálfum sér og fjölskyldu sinni. Frá því á elleftu öld var það í höndum hreppanna að veita fjárhagslega aðstoð sem það þurftu. Upphaf hins nútíma velferðarkerfis mætti rekja til síðasta þriðjungs nítjándi aldar, í kringum 1870, þegar ríkið fór að taka skipulagðari þátt í því að aðstoða þá sem höfðu á einn eða annan hátt orðið undir í samfélaginu.

Kristnu trúfélögin sem skutu hér rötum á síðasta þriðjungi nítjándi aldar stuðluðu mjög að bættum hag þeirra sem minna máttu sín og breyttu einnig að miklu leyti hvernig Íslendingar hugsuðu um velferðarmál og félagslegar umbætur. Á nítjándi öldinni einkenndust skoðanir manna af því að fátæklingar og þurfandi menn ættu að treysta á bændur og bændur ættu að sjá um þá, veita þeim vinnu og borga þeim eilítið fyrir það. Í raun var það mjög erfitt fyrir fátæka að brjótast úr þeim hlekkjum sökum þess hversu lög um þurfamenn á Íslandi voru bindandi.

Athygli hefur vakið að í íslenska velferðarkerfinu hefur kirkjan lítið sem ekkert skipt sér að eða lagt að mörkum til þess málaflokks. Víða á Norðurlöndunum var því öfugt farið, kirkjan lék stórt hlutverk í velferðarmálum og stuðlaði að bættum hag þeirra sem sátu í lægstu þrepum samfélagsins. Í stað kirkjunnar voru það hin kristnu trúfélög á Íslandi, Hvítabandið, Góðtemplarar o.fl., sem reyndu hvað mest þau máttu að bæta hag þeirra sem þurftu á aðstoð að halda. Trúfélögin á Íslandi sóttu flest hver fyrirmynd sína erlendis frá. Hvítabandið á Íslandi varð tiltölulega snemma að félagi í alþjóðlegum samtökum Hvítabandsins, Góðtemplararnir eiga rætur sína að rekja erlendis og sömuleiðis Hjalpræðisherinn. Thorvaldsensfélagið var það félag sem helst var frábrugðið hinum félögunum sem um er fjallað í öðrum kafla þessarar ritgerðar. Þær konur sem það skipuðu sóttu sína fyrirmynd einna helst inn á við, í manngæsku og umhyggju, fremur en til svipaðra félaga erlendis frá. Helstu munur á þróun líknar- og velferðarfélaga á Íslandi og á Norðurlöndunum var sá að á Íslandi varð aldrei nokkurn tímann sterk hreyfing sem kenndi sig við díakonissur. Á Norðurlöndunum varð sú hreyfing mjög sterk og áhrifamikil á sviði velferðarmála á nítjándi öld. Á síðasta

Þriðjungi nítjándu aldar varð mikil vakning meðal kvenna og fóru þær að láta meira til sín taka á sviði velferðarmála. Þar fundu þær grundvöll sem þær gátu beitt sér á, með sinni móðurlegu gæsku, og unnu marga merka sigra á því sviði.

Trúfélögin sem risu á Íslandi hvert á fætur öðru voru afar mikilvæg fyrir framþróun kvenfrelsis á Íslandi. Undanfarar hinna kristnu trúfélaga voru kvenfélögin á Íslandi. Sögu kvenfélagana mætti rekja aftur til ársins 1869, þegar konur í Rípurhreppi stofnuðu félag sem skyldi, ásamt mörgu öðru, kenna börnum lestur, skrift og aðra hluti um hvernig skyldi halda heimili. Konur fóru í auknum mæli að hittast á skipulögðum fundum og reyna að koma góðum hlutum í verk og stuðla að almennri velferð þeirra sem á því þurftu að halda. Þessi kvenfélög voru fyrsta skrefið í átt til kvenfrelsis að mínu mati. Kvenfélögin sýndu konum á Íslandi fram á að þær gætu lagt lóð sín á vogarskálarnar er kom að þróun íslensks þjóðfélags, þær sýndu fram á að konur gætu unnið að verkefnum sem voru utan heimilisins. Með baráttu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og annarra kvenna voru tekin mörg stór skref í átt að kvenfrelsi og síðar kosningarétti og kjörgengi.

Erlendar hugmyndastefnur bárust til Íslands og höfðu hér töluverð áhrif, einkum þó frjálslyndisstefnan. Frjálslyndisstefnan átti sína helstu forsvarsmenn í þingmönnum líkt og Skúla Thoroddsen og Páli Briem, en einnig voru aðrir menn sem rituðu í anda frjálslyndis- og raunsæisstefnu sem hafði áhrif hið pólitíska íslenska landslag. Hins vegar vekur það athygli er Ísland er borið saman við Norðurlöndin að öfugt við það sem þar gerðist þróaðist hér aldrei flokkur sem var studdur og veitti gagnkvæman stuðning til verkalyðsstéttarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft mikil völd á Íslandi allt frá stofnun sinni og vinstri sinnaðar stjórnir sem setið hafa á Íslandi eru teljandi á fingrum annarar handar. Oft hafa frjálslynd skrif og frjálslyndar hugmyndastefnur verið tengdar við vinstri sinnaða pólitík og varð það raunin á Íslandi sem og annars staðar. Frjálslynd skrif áttu óneitanlega eftir að stuðla að aukinni umræðu um hluti líkt og kvenfrelsi, trúfrelsi og einnig velferðarmál. Erlendar hugmyndastefnur áttu því eftir að leika stórt hlutverk í þróun pólitíks landslags á Íslandi þó svo að þróunin hefði verið önnur en á t.d. Norðurlöndunum. Sú þróun átti síðar eftir að verða til þess að velferðarmálin fóru að skipta fleiri menn máli en eingöngu líknarfélög, þetta varð að máli allra landsmanna sem þurfti að taka föstum tókum á þingi. Sú varð raunin og var það að einhverju leyti fyrir tilstuðlan breytts hugsunarháttar að velferð allra landsmanna varð að

mannréttindamáli.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

*Alþingistíðindi* 1845, 1885, 1889, 1911.

„Ávarp til Íslendinga frá hinum almenna fundi að Öxará“, *Undirbúningsblað undir þjóðfundinn að sumri 1851*, 1:1 (1850), bls. 3-4.

Briet Bjarnhéðinsdóttir. „Framtíðarmál vor.“, *Kvennablaðið* 22:6 (1916), bls. 41-43.

Briet Héðinsdóttir. *Bók um Brieti Bjarnhéðinsdóttur: Strá í hreiðrið*. (Reykjavík, 1988).

B.G. „Ísafold og hjálpræðisherinn“, *Fjallkonan* 13:12 (1896), bls. 45-46.

Einar Benediktsson. „Sumarmorgun. (Í Ásbyrgi).“, *Sunnanfari* 3:11 (1894), bls. 82.

Elína Sveinsson, Þórunn Jónasson, Luinde Berhöft, Elín Stephensen, Carolína Jónasson. „Thorvaldsensfélagið“, *Þjóðólfur* 36:9 (1884), bls. 36.

Felix Ólafsson. „Aldarafmæli í norsku kirkjulífi“, *Morgunblaðið* (16.11.1968), bls. 15; bls. 21.

*Félagsmál á Íslandi*, ritstjóri: Jón Blöndal, (Reykjavík, 1942).

Félagsstjórn Hvítabandsins. „Hvíta-bandið“, *Ísafold* (28.02.1903), bls. 37.

„Fyrirlestr um sköpunina og vísindin“, *Fjallkonan* 13:6 (1896), bls. 24.

„Fyrirlestur kvennmanns um kvennfrelsi“, *Ísafold* (04.01.1888), bls. 2.

„Föstudagur“, *Dagskrá* 3:27 (1899), bls. 108.

Gestur Pálsson. „Fyrirlestr um lífið í Reykjavík“, *Fjallkonan* 5:33 (1888), bls. 129-130.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. (Reykjavík, 1997).

„Góðgjörðasemin og Kvenfélagið“, *Fjallkonan* 15:8 (1898), bls. 30.

*Góðtemplarareglan á Íslandi 100 ára. Afmælisrit*. Ristjóri: Hilmar Jónsson. (Reykjavík, 1984).

„Góðtemplarar gefa 50 milljónir“, *Morgunblaðið* (05.02.2008), bls. 16.

Guðm. Einarsson. „Bær hinna sjúku“, *Kirkjuritið* 2:1 (1936), bls. 29-31.

Guðmundur Jónsson. „Agents and Institutions in the Creation of the Welfare State“, bls. 61-89, *Frihed, lighed og tryghed. Velfærdsolitik i Norden*, ritstjórar: Hilda Rømer Christensen, Urban Lundberg og Klaus Petersen, (Århus, 2001).

Guðmundur Jónsson. „Hjálp til sjálfshjálpar. Borgaralegar rætur velferðaríkisins á Íslandi“, bls. 371-393, *Menntaspor. Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum*, ritstjórar: Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfánarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir, (Reykjavík, 2008).

Gunnar Karlsson. *Frelsisbarátta Suður-Pingeyinga og Jón á Gautlöndum*. (Reykjavík, 1977).

Gunnar Karlsson. „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874“, bls. 167-377, *Saga Íslands IX*, ritstjórar: Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason, (Reykjavík, 2008).

Gunnar Karlsson. „Samfélag á hvörfum“, bls. 105-204, *Saga Íslands X*, ritstjórar: Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason, (Reykjavík, 2009).

*Hagskinna*, ritstjórar: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, (Reykjavík, 1997).

Hammar, Inger. „From Fredrika Bremer to Ellen Key: Calling, Gender and the Emancipation Debate in Sweden, c. 1830-1900“, bls. 27-67, *Gender and Vocation. Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940*, ritstjóri: Pirjo Markkola, (Helsinki, 2000).

Hegstad, Harald. „Norska kirkjan breytist frá ríkiskirkju til lýðræðislegar þjóðkirkju – Hugleiðingar um yfirstandandi ferli“, bls. 139-147, *Þjóðkirkjan og lýðræðið – Erindi frá málþingi í Skálholtsdómkirkju 23.-24. ágúst 2009*, ritstjórar: Gunnar Kristjánsson og Skúli S. Ólafsson, (2009).

Hjalti Hugason. "Kristni og kirkja", bls. 185-211, *Saga Norðurlandanna 1397-1997: 10 ritgerðir*, Ritstjóri: Henrik S. Nissen, (Kaupmannahöfn, 1997).

Inga Huld Hákonardóttir. „Philanthropy, Politics, Religion and Women in Iceland before the Modern Welfare System“, bls. 177-210, *Gender and Vocation. Women, Religion and Social Change in the Nordic Countries, 1830-1940*, ritstjóri: Pirjo Markkola, (Helsinki, 2000).

Ingibjörg Ólafsson. „Íslensk Díakonissustofnun“, *Nýtt kirkjublað* 10:5 (1915), bls. 50-54.

Ingibjörg Ólafsson. „Nokkur orð um hjúkrunarfyriřkomulagið á Íslandi“, *Austri* 24:21 (1914), bls. 72-73.

Ingibjörg Ólafsson. „Nokkur orð um hjúkrunarfyriřkomulagið á Íslandi“, *Þjóðólfur* 63:31 (1911), bls. 118.

Jóhann Hannesson. „Íslensk Díakonissustofnun og minningarsjóður Ólafíu Jóhannsdóttur“, *Morgunblaðið* (22.10.1963), bls. 15.

- „Jólamerki fyrir of feit leikskólabörn“, *Fréttablaðið* (30.11.2011), bls. 29.
- Karen Christensen. „Meira um hjúkrunarfyrirkomulagið“, *Þjóðólfur* 63:33 (1911), bls. 226.
- Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. (Reykjavík, 1995).
- Margrét Guðmundsdóttir. *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*. (Reykjavík, 2010).
- Margrét Jónsdóttir. „Staða og hlutverk kvenna í þremur trúarhópum á Íslandi“, bls. 189-198, *Rannsóknir í félagsvísindum II*, ritstjóri: Friðrik H. Jónsson, (Reykjavík, 1998).
- „Messur á morgun“, *Morgunblaðið* (03.09.2011), bls. 36-37.
- Nordic civic society organisations and the future of welfare services. A model for Europe?*, ritstjóri: Aila-Leena Matthies, (Kaupmannahöfn, 2006).
- Ólafía Jóhannsdóttir. „Erlendis“, *Bjarmi* 3:6 (1909), bls. 46-47.
- „Ólafía Jóhannsdóttir“, *19. júní* 1:9 (1918), bls. 73-75.
- Páll Melsteð. „Hvað verður hjer gjört fyrir kvennfólkið?“, *Norðanfari* 9:12-13 (1870), bls. 24-25.
- Pétur Pétursson. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1930*. (Reykjavík, 1990).
- Pétur Pétursson. *Með himneskum armi. 100 ára saga Hjálpræðishersins á Íslandi*. (Reykjavík, 1995).
- Ragnheiður Kristjánsdóttir. *Nýtt folk. Þjóðerni og íslensk verkalýðsstjórnsmál 1901-1940*. (Reykjavík, 2008).
- „Reykjavík“, *Lögrétta* 5:28 (1910), bls. 108.
- „Sagan sýnir hvar skóinn kreppir“, *Fréttablaðið* (07.04.2011), bls. 14.
- S.Á. Gíslason. „Kafli úr sögu líknarstarfseminnar“, *Bjarmi* 8:9 (1914), bls. 67-70.
- Sigurbjörn Á. Gíslason. „Árið sem leið – II“, *Bjarmi* 1:3 (1907), bls. 21-22.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. *Ólafía: Ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur*. (Reykjavík, 2006.)
- Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. (Reykjavík, 1993).

Sigríður Thorlacius. *Margar hlýjar hendur. Ágrip af sögu Kvenfélagasambands, héraðssambanda og félaga, sem það mynda.* (Reykjavík, 1981).

Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir. „Fjárráð giptra kvenna.“, *Framsókn* 1:1 (1885), bls. 1-2.

Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Ríki og kirkja: Uppruni og þróun þjóðkirkjuhugtaksins.* (Reykjavík, 2006).

Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin. Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði.* (Reykjavík, 1999).

Stefán Ólafsson. „Variations Within the Scandinavian Model: Iceland in the Scandinavian Perspective“, bls. 61-88, *Welfare Trends in the Scandinavian Countries*, ritstjórar: Erik Jørgen Hansen, Stein Ringen, Hannu Uusitalo og Robert Erikson, (New York, 1993).

Sverrir Þorbjörnsson. „Old Age Pensions“, bls. 421-431, *Freedom and Welfare. Social Patterns in the Northern Countries of Europe*, ritstjóri: Georg R. Nelson, (1923).

*The Danish Church*, ritstjóri: Poul Hartling, (Danmörk, 1964).

*Thorvaldsensfélagið 100 ára. Afmælisrit 1875–1975*, (Reykjavík, 1980).

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín. *Íslensk kirkjusaga*, (Reykjavík, 2012).

„Til góðra verka í 135 ár“, *Fréttablaðið* (19.11.2010), bls. 61.

*Þjónusta í síbreytilegu samhengi: Að umbreyta, sætta og efla. Framlag Lúterska heimssambandsins til að auka skilning á díakoníu og hlutverki hennar*, ritstjóri: Kjell Nordstokke, (Reykjavík, 2009).

Þorgils gjallandi. *Sögur*. (Reykjavík, 1978).

Þórarinn Böðvarsson. „Undirtektirnar“ og aðskilnaður á ríki og kirkju.“, *Kirkjublaðið* 4:8 (1894), bls. 113-119.

Þórunn Valdimarsdóttir. *Kristni á Íslandi IV - Til móts við nútímann*. Ritstjóri: Hjalti Hugason. (Reykjavík, 2000).

Æsa. „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna.“, *Fjallkonan* 2:12 (1885), bls. 45-47.

25 ár. Frásögn um byrjun Hjalpræðishersins í Lundúnum og starf hans á Íslandi í 25 ár, (Reykjavík, 1920).

### **Vefheimildir**

Bríet Bjarnhéðinsdóttir. „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“. 30. desember, 1887. Sótt 15. mars 2013.

[http://baekur.is/bok/000054511/Fyrirlestur\\_um\\_hagi\\_og](http://baekur.is/bok/000054511/Fyrirlestur_um_hagi_og)

Hjalti Hugason. „Aðskilnaður ríkis og kirkju – Ógn við þjóðkirkjuna.“ Sótt 27. mars 2013.

<http://tru.is/pistlar/2011/11/adskilnadir-rikis-og-kirkju-ogn-vid-thjodkirkjuna>

„Réttur samkynhneigðra á Íslandi“. Sótt 27. mars 2013.

<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/samkynhneigdir/>